# FRÉTTABLAÐIÐ

32. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2020


# Skuldbinda sig til að nýta plastúrgang

**Tíu stór fyrirtæki munu í dag skuldbinda sig til að endurvinna á Íslandi allt plast sem fellur til í þeirra starfsemi í stað þess að senda það erlendis. Framleidd eru umhverfisvæn bretti úr plastinu.**

**UMHVERFISMÁL** Tíu íslensk fyrirtæki munu skuldbinda sig til að endurvinna á Íslandi allt plast sem fellur til hjá þeim. Er þetta hluti af verkefninu Þjóðþrif á vegum endurvinnslufyrirtækisins Pure North Recycling í Hveragerði. Samningur þess efnis verður undirritaður í dag.

Áætlað er að alls falli til 20 þúsund tonn af plasti á ári á Íslandi. Pure North Recycling tekur enn ekki við heimilisplasti en síðustu ár hefur fyrirtækið tekið við allt að tvö þúsund tonnum af heyrúlluplasti á ári. Síðasta haust hætti Sorpa að senda heimilisplast til brennslu, er það nú endurunnið í Svíþjóð.

Samkvæmt niðurstöðum lífsferlisgreiningar sem ReSource International gerði á vinnsluaðferðum fyrirtækisins kemur fram að endurvinnslan hjá Pure North Recycling sé mun umhverfisvænni heldur en endurvinnsla á plasti í Evrópu og Asíu.

Fyrirtækið tekur til sín um tvö þúsund tonn af plasti á ári. „Við notum jarðvarma til að þurrka plastið þegar það er búið að tæta það niður og affallið til að þrífa það. Það eru engin kemísk efni eins og víða staðar annars staðar. „Plastpalletturnar sem við framleiðum er umhverfisvænasta plast í heimi. Í raun væri umhverfisvænna að flytja plastið til Íslands í endurvinnslu og flytja það aftur út en að endurvinna það annars staðar,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir hjá Pure North Recycling.

> **Plastpalletturnar sem við framleiðum er umhverfisvænasta plast í heimi. Í raun væri umhverfisvænna að flytja plastið til Íslands í endurvinnslu og flytja það aftur út en að endurvinna það annarstaðar.**
>
> Áslaug Hulda Jónsdóttir hjá Pure North Recycling

Ari Edwald, forstjóri MS, segir verkefnið í takt við stefnu Mjólkursamsölunnar um að fullnýta hráefni og það sem fellur til við framleiðslu. „Sem dæmi má nefna að plast utan um bragðefni fer núna í endurvinnslu hjá Pure North og öðlast nýtt líf í öðru hlutverki. Fyrir okkur eru umbúðir eftir notkun hráefni en ekki rusl,“ segir Ari. „Það er hægt að framleiða nytjahluti, sem í dag eru fluttir inn, úr nánast öllum þeim plastumbúðum sem eru utan um okkar vörur.“ **– ab / sjá síðu 4**

# Óskarinn á sunnudag

**LÍFIÐ** Eins og kunnugt er mun afhending Óskarsverðlaunanna fara fram í Los Angeles á vesturströnd Bandaríkjanna á sunnudag.



Að þessu sinni hefur athöfnin sérstaka þýðingu hér á landi því meðal tilnefndra er Hildur Guðnadóttir tónskáld sem tilefnd er fyrir tónlist sína í kvikmyndinni um Jókerinn, en fyrir tónlistina í myndinni hefur hún þegar hlotið BAFTA-verðlaunin og Golden Globe. Það er því með nokkurri eftirvæntingu sem úrslitanna á sunnudag er beðið.

En það kennir ýmissa annarra grasa á hátíðinni. Fjölmörg verðlaun verða veitt að vanda og tilnefningarnar eru margvíslegar. Deila má um þær í aðdraganda verðlaunanna og sýnist sitt hverjum.

Í blaði dagsins er samantekt tilnefninganna og sérfræðingar Fréttablaðsins, þau Kolbrún Bergþórsdóttir og Þórarinn Þórarinsson láta álit sitt í ljós um hver þeim þykir sigurstranglegust í helstu flokkum.

Það þykir sæta nokkrum tíðindum að ekki var teljandi ágreiningur á milli þeirra um niðurstöðuna. **/ sjá síðu 24**



**Setning Vetrarhátíðar fór fram við Hallgrímskirkju í gærkvöld. Verkinu Sálumessa jöklanna eftir Heimi Frey Hlöðversson, var varpað á kirkjuna og verður það gert á meðan á hátíðinni stendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




## Veður




Vaxandi suðaustanátt í dag og rigning með köflum, 15-23 á Suður- og Vesturlandi síðdegis. Suðaustan 8-15 norðanlands og þurrt að kalla. Hiti 5 til 10 stig. SJÁ SÍÐU 16



Frá baráttufundi Eflingar í vikunni.

# Efling finnur fyrir stuðningi

**KJARAMÁL** „Þetta var ótrúlegur og merkilegur dagur. Við fórum af stað í fimm hópum og heimsóttum fjölmarga vinnustaði. Við urðum ekki vör við nein verkfallsbrot eða neinn ásetning um slíkt. Þvert á móti var fólk að vanda sig ótrúlega mikið og búið að útfæra allt skipulag samkvæmt okkar fyrirmælum,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Félagsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg fóru í sólarhringsverkfall í gær. Mestu áhrifin voru á leikskólum borgarinnar en einnig var skert þjónusta á velferðarsviði og í sorphirðu.

„Það sem var líka merkilegt var þessi stórkostlegi stuðningur. Á fyrsta leikskólanum var tekið á móti okkur með faðmlögum. Á sumum stöðum voru okkur gefnar smákökur og alls staðar kveðjur um stuðning og samstöðu og miklar og innilegar óskir um það að við myndum ná algjörum árangri í okkar baráttu.“

Fundað verður í deilunni í dag en næsta verkfall brestur á eftir hádegi á þriðjudag. „Við búumst ekki við að það komi neitt nýtt fram þar en við vitum samt aldrei hvað gerist. Mér heyrðist samt á orðum borgarstjóra að hann væri því miður enn þá algjörlega blindur á það sem væri í gangi,“ segir Sólveig Anna.

Var hún þar að vísa í ummæli borgarstjóra í fréttum RÚV í gær þar sem hann sagði að erfitt yrði að ganga að kröfum Eflingar því þær gangi út á hækkun lægstu launa auk talsverðrar viðbótar. Aldrei yrði sátt um það gagnvart öðrum viðsemjendum borgarinnar. **– sar**

# Tjaran skoluð af bílunum




**Það var upplagt að nota hlýindakaflann í veðráttunni til að þrífa tjörubaðaða bíla eins og þessir tveir ökumenn gerðu í Reykjavík seinni hluta dags í gær . Búist er við áþekku veðri í dag og var í gær, með áframhaldandi hlýju veðri. Búast má svo við að heldur fari að kólna á laugardag og sunnudag, með saltbornum götum ef að líkum lætur. Það má því fastlega reikna með að tilefni verði til að endurtaka tjöruþvottinn fljótlega.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fá úrlausn um ásetningsstig

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mun fjalla um mörk ásetnings og gáleysis og ákvörðun refsingar í máli Vigfúsar Ólafssonar sem sakfelldur var fyrir brennu og manndráp af ásetningi í Landsrétti í fyrra. Maðurinn hafði verið sýknaður af ásetningsbroti í héraði en sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi. Hann játaði að hafa lagt eld að pitsukassa í timburhúsi vitandi af karlmanni og konu sem sváfu á efri hæð hússins. Þau létust bæði í brunanum.

Í ákvörðun Hæstaréttar segir að úrlausn um mörk ásetnings og gáleysis í málum af þessum toga geti haft almenna þýðingu og samþykkti rétturinn því beiðni mannsins. **– aá**





**Eineltisteymi í Vesturbyggð komst að þeirri niðurstöðu að kennarar hefðu verið lagðir í einelti.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Óska eftir íbúafundi

## Foreldrar í Vesturbyggð eru ósáttir við upplýsingaskort um eineltismál sem kom upp innan Patreksskóla og varð til þess að tveir starfsmenn sögðu upp.

**VESTFIRÐIR** Foreldrar í Vesturbyggð krefjast þess að haldinn verði íbúafundur vegna skorts á upplýsingum varðandi eineltismál sem kom upp innan Patreksskóla og Fréttablaðið greindi frá í byrjun vikunnar.

Niðurstaða eineltisteymis sveitarfélagsins var að bæjarstjórnarfulltrúi meirihlutans, María Ósk Óskarsdóttir, hefði lagt einn kennara skólans í einelti. Afleiðingarnar voru þær að kennarinn hrökklaðist úr starfi og hyggst viðkomandi leita réttar síns vegna málsins.

Þá greindi Fréttablaðið frá því að leiðbeinandi hjá skólanum hefði einnig látið af störfum vegna meints eineltis Maríu Óskar. Í kjölfar fréttaflutningsins sendi María Ósk frá sér yfirlýsingu þar sem hún tilkynnti að hún hefði óskað eftir að fara í tímabundið leyfi frá störfum sínum sem bæjarstjórnarfulltrúi.

Halldór Traustason, varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og foreldri nemenda við skólann, segir að krafa margra foreldra sé sú að haldinn verði íbúafundur vegna málsins.

> **Þá getur það ekki verið eðlilegt að trúnaðarmaður starfsfólks innan skólans sé eiginkona skólastjórans.**
>
> Halldór Traustason

„Maður hefur heyrt af vandræðum innan skólans í nokkurn tíma og það veldur fólki auðvitað áhyggjum. Í kjölfarið á fréttaflutningnum hefði maður búist við því að foreldrar fengju einhvers konar yfirlýsingu frá skóla- eða bæjaryfirvöldum vegna málsins eða frekari upplýsingar en þaðan heyrist ekkert,“ segir Halldór.

Hann skrifaði opið bréf til bæjar- og skólayfirvalda á Facebook-síðu sína þar sem hann spurði ágengra spurninga um meðferð málsins. Meðal annars hvers vegna stjórnendur hafi ekki brugðist við fjölmörgum kvörtunum um málið og hvort að eðlilegt geti talist að María Ósk hafi verið hækkuð í tign eftir brotthvarf kennarans og fengið stöðu viðkomandi sem umsjónarkennari bekkjar.

„Þá getur það ekki verið eðlilegt að trúnaðarmaður starfsfólks innan skólans sé eiginkona skólastjórans. Það er margt sem virðist þurfa að laga innan skólans og maður finnur vel að foreldrar í bænum hafa miklar áhyggjur af stöðu mála og vilja fá frekari upplýsingar,“ segir Halldór.

Gústaf Gústafsson, skólastjóri Patreksskóla, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Í kjölfar fyrirspurnar Fréttablaðsins birtist ítarleg yfirlýsing um málið á vef Vesturbyggðar í fyrradag.

Í yfirlýsingunni er farið yfir verkferla sveitarfélagsins þegar upp koma eineltismál og ástæður þess að bæjarfélagið hefði ekki veitt neinar upplýsingar um málið til bæjarbúa. **arib@frettabladid.is**






*Samkvæmt wltp staðli.
**Kynntu þér þína drægni á opel.is**

**Opel á Íslandi**
Reykjavík | Krókhálsi 9
Reykjanesbæ | Njarðarbraut 9

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna




## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **Eins dags gamalt barn greinist með kórónaveiruna** Búið er að staðfesta kórónaveirusmit í eins dags gömlu barni.

**2** **Beiðni um Samherja skýrslu samþykkt: „Við hvað eru þeir hræddir?“** Beiðni um samanburðarskýrslu á greiðslum Samherja fyrir veiðirétt í Namibíu og á Íslandi var samþykkt á Alþingi í dag.

**3** **Lýsa morði, einelti og fitufordómum í barnamyndinni Köflótta Ninjan** Þórunn Edda Björgvinsdóttir segir að kvikmyndin Köflótta ninjan sé ekki við hæfi barna og hvetur foreldra til þess að kynna sér innihald myndarinnar fyrir sýningu.

**4** **Virk sprengja á Akranesi: „Ég handfjatlaði þessa sprengju mjög oft“** Landhelgisgæslan hefur staðfest að sprengjan úr El Grillo, sem hefur verið til sýnis á Byggðasafninu í Görðum á Akranesi í 40 ár, hafi verið virk.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Hagnaður og arðsemi Landsbankans dragast saman

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Landsbankans nam 18,2 milljörðum króna eftir skatta í fyrra borið saman við 19,3 milljarða króna hagnað á árinu 2018, samkvæmt ársuppgjöri bankans sem birt var í gær. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 7,5 prósent á síðasta árið samanborið við 8,2 prósenta arðsemi árið áður.

Hreinar vaxtatekjur Landsbankans námu 39,7 milljörðum króna í fyrra en þær voru 40,8 milljarðar króna árið 2018. Hreinar þjónustutekjur voru 8,2 milljarðar í fyrra og stóðu í stað á milli ára. Aðrar rekstrartekjur námu 8,5 milljörðum á síðasta ári samanborið við 3,6 milljarða á árinu 2018 sem er 136 prósent aukning á milli ára.



Bankinn leggur til 9,5 milljarða arð.

Bankaráð mun leggja til við aðalfund þann 27. mars næstkomandi að greiddur verði arður til hluthafa, ríkisins, sem nemur 0,40 krónum á hlut eða samtals 9,5 milljörðum króna, eftir því sem fram kemur í afkomutilkynningu bankans. Það er 52 prósent af hagnaði síðasta árs.

„Landsbankinn hefur verið í sókn sem endurspeglast í aukinni ánægju viðskiptavina og sterkri markaðsstöðu, ásamt traustum og stöðugum rekstri,“ segir Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri í tilkynningunni. **– kij**

# Munu breyta affalli í auðlind

**Endurvinnslufyrirtækið Pure North Recycling hefur nýlega sexfaldað framleiðslugetu sína. Vill fyrirtækið að Ísland verði í forystu í endurvinnslumálum. Árlega falla til 20 þúsund tonn af plasti hérlendis.**

**UMHVERFISMÁL** Stjórnendur fyrirtækjanna Marels, Mjólkursamsölunnar, Bláa lónsins, Brims, CCEP, Eimskips, Krónunnar, Lýsis, BM Vallár og Össurar munu undirrita samning um Þjóðþrif í dag í samstarfi við Pure North Recycling. Verða fyrirtækin þá skuldbundin því að endurvinna allt plast hér á landi í stað urðunar eða endurvinnslu erlendis.

Pure North Recycling í Hveragerði tekur til sín um tvö þúsund tonn af plasti af þeim 20 þúsund tonnum sem falla til hér á landi á ári. Enn sem komið er tekur fyrirtækið ekki við heimilisplasti, en hefur tekið við megninu af öllu heyrúlluplasti sem til fellur.

„Við notum jarðvarma til að þurrka plastið þegar það er búið að tæta það niður og affallið til að þrífa það. Það eru engin kemísk efni eins og víða staðar annars staðar,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir hjá Pure North Recycling. „Plastpalletturnar sem við framleiðum er umhverfisvænasta plast í heimi. Í raun væri umhverfisvænna að flytja plastið til Íslands í endurvinnslu og flytja það aftur út en að endurvinna það annars staðar.“

Plastið sem er endurunnið er svo selt aftur, eitthvað af því er notað til framleiðslu hér á landi en mest er flutt út. Áslaug segir að vonir séu bundnar við að selja sem mest af því til innlendra framleiðenda.

„Þannig náum við að draga úr óþarfa flutningi á milli landa og loka hringrásinni. Ísland á að vera í forystu í þessum málum.“

Endurvinnslufyrirtækið hóf plastendurvinnslu árið 2015 og er það eina fyrirtækið hér á landi sem endurvinnur plast að fullu. Hefur það nýlega sexfaldað framleiðslugetu sína. Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, segir sitt fyrirtæki vel kunnugt því að breyta því í auðlind sem fellur frá.

„Við leggjum mikla áherslu á að draga úr losun gróðurhúsaáhrifa, kolefnisjöfnun í rekstri og sjálfbærni á öllum sviðum. Einnig að draga úr plastnotkun og auka endurvinnslu þess sem þó fellur til,“ segir Grímur. „Plast er ekki rusl heldur auðlind sem mikilvægt er að endurnýta með sjálfbærum hætti í þágu náttúrunnar. Við erum mjög ánægð með að vera þátttakendur í þessu metnaðarfulla verkefni Pure North hvað varðar úrvinnslu plasts hér á landi.“


Plast þarf að þrífa vel fyrir endurvinnslu og notaður er jarðvarmi til að þurrka plastið þegar það hefur verið tætt.

> **Plast er ekki rusl heldur auðlind sem mikilvægt er að endurnýta með sjálfbærum hætti í þágu náttúrunnar.**
>
> Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins



Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri Eimskips, segir að markmið Eimskips sé að minnka kolefnissporið á flutta einingu um 40 prósent til ársins 2030. „Umhverfismálin eru stór hluti af okkar daglegu störfum og við tökum tillit til þeirra í allri okkar ákvörðunartöku enda mikilvægt að við, sem stórt fyrirtæki á Íslandi, séum til fyrirmyndar þegar kemur að þessum málum.“

**arib@frettabladid.is**

# Segja 737 MAX fljúga bráðlega

**SAMGÖNGUR** Flugmálayfirvöld í Bandaríkjunum búast við að nú sé tekið að styttast í að Boeing 737 MAX vélum verði leyft að fljúga á ný.

Erlendir fjölmiðlar vestra skýrðu frá því í gær að þess verði ekki langt að bíða að öryggiskröfur til vélanna verði uppfylltar og hægt verði að taka þær í notkun í framhaldinu. Voru nokkrar vikur nefndar í því sambandi.

Flug véla þessarar gerðar hefur verið bannað um allan heim frá því upp komu öryggisgallar í marsmánuði á síðasta ári í framhaldi tveggja mannskæðra flugslysa. Hefur flugbannið valdið vandræðum flugfélaga um allan heim sem höfðu eða ætluðu að hafa þær í sinni þjónustu.

Í kjölfar þessara frétta hækkaði gengi félagsins í Kauphöllinni í New York umtalsvert í gær. **– jþ**




# Nánast öll stóru málin ófrágengin

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðslur um verkfallsboðun aðildarfélaga BSRB hafa verið boðaðar 17. -19. febrúar næstkomandi. Þetta var samþykkt á fundi samningseininga BSRB í gær og eru viðræður við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg undir.

„Það er að nálgast árið sem við höfum verið án kjarasamninga. Við vissum að við værum með kröfur um stórar kerfisbreytingar sem tækju tíma og höfum þess vegna sýnt mjög ríka þolinmæði,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

Hins vegar hafi það verið skýrt að kæmist ekki alvöru gangur í viðræður strax eftir áramót yrði farið að undirbúa aðgerðir.

„Við erum búin að ræða um allar okkar kröfur en það eru samt mörg stór mál ófrágengin og raunar öll þessi stærstu fyrir utan styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu. Þannig að það var ekkert annað eftir og fólk er mjög skýrt um það að það er hingað og ekki lengra.“


Sonja Ýr á fundinum í síðustu viku.

Sonja segir að það hafi legið fyrir í nokkurn tíma að baklandið teldi að grípa þurfi til aðgerða til að ná kjarasamningum strax eins og fram hafi komið á baráttufundi í síðustu viku.

> **Um 19 þúsund manns starfa undir kjarasamningum BSRB við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg.**

Aðspurð segir hún flest aðildarfélög BSRB standa ágætlega að vígi með verkfallssjóði þar sem þau hafi ekki verið í miklum verkföllum.

„Verkfallsrétturinn er hjá hverju félagi fyrir sig. Við erum sammála um grófu línurnar en það á eftir að taka endanlega ákvörðun hjá hverju félagi fyrir sig um tillögurnar sem verða bornar undir félagsmenn.“

Komi til verkfallsaðgerða myndu þær bresta á í mars. „Við erum auðvitað að horfa til þess að það verði gengið frá samningum hratt og vel en ef ekki þá munum við grípa til aðgerða,“ segir Sonja. **– sar**


TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
Taxfree*
af öllum snyrtivörum
6.-10. febrúar
*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti
HAGKAUP
Snyrtivara
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Gáfu eftir 43 milljónir til Leiguafls

**Reykjavíkurborg tapaði 43 milljónum króna vegna riftunar á samningi við Leiguafl um íbúðir á Grensásvegi. Leiguafl greiddi 35 milljónir af 78,5 milljóna kröfu. Samkomulag um niðurstöðuna var bundið trúnaði en honum aflétt á fundi borgarráðs í gær.**

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg gaf eftir 43,5 milljónir króna vegna riftunar kaupsamnings við félagið Leiguafl slhf. um íbúðir við Grensásveg. Samkomulag þess efnis var samþykkt að tillögu borgarstjóra í borgarráði í desember síðastliðnum, en trúnaði fundarins var létt á fundi ráðsins í gær. Leiguafl fór upphaflega fram á 150 milljónir króna.

Í desember 2018 rifti borgin kaupum á 24 íbúðum við Grensásveg 12 fyrir 785 milljónir sem Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, SEA, gerði við Leiguafl. Riftunin var líkt og samkomulagið bundin trúnaði í tvo mánuði. SEA var lagt niður fyrir einu ári.

Íbúðirnar áttu að vera liður í aukningu á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Gert var ráð fyrir að þær yrði tilbúnar vorið 2018. Verkfræðistofan EFLA var fengin til að leggja mat á stöðuna og komst að þeirri niðurstöðu að íbúðirnar yrðu ekki tilbúnar fyrr en meira en ári á eftir áætlun. Var þá tekin ákvörðun um að rifta samningnum.

Leiguafl höfðaði mál á hendur borginni fyrir héraðsdómi og fór fram á greiðslu upp á 150 milljónir króna. Borgin gerði hins vegar kröfu um að kaupsamningsgreiðsla upp á 78,5 milljónir yrði endurgreidd. Með sáttinni mun Leiguafl endurgreiða 35 millljónir króna.

Fréttaskýringaþátturinn Kveikur fjallaði um aðbúnað verkamanna við Grensásveg 12 haustið 2018, var þar sagt að starfsemin væri „skólabókardæmi um ástandið eins og það gerist verst á íslenskum byggingamarkaði“. Hátt í tíu starfsmenn fengu laun undir lágmarkstaxta. Í kjölfarið gaf Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, það út að í kjölfarið yrði ákvæði um keðjuábyrgð í öllum samningum borgarinnar við verktaka.



Fjallað hefur verið ítarlega um aðbúnað verkamannanna sem unnu við breytingar á húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Þarna er verið að kaupa ekki neitt fyrir 43 milljónir.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, bókuðu á borgarráðsfundinum í desember síðastliðnum að breið samstaða hefði verið um fjölga íbúðum fyrir Félagsbústaði. Vanefndir uppbyggingaraðila hafi orðið til þess að borgin ákvað að rifta samningnum með breiðri samstöðu. „Það er gott að fengist hefur niðurstaða í málið og að tekist hafi að lágmarka skaða og kostnað borgarinnar. Eru borgarlögmanni færðar þakkir fyrir það,“ segir í bókuninni.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir meðferð opinberra fjármuna í þessu máli vera óábyrga. „Þarna er verið að kaupa ekki neitt fyrir 43 milljónir,“ segir Eyþór.

arib@frettabladid.is







Donald Trump veifaði forsíðu Washington Post á fundi með fréttamönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Donald Trump vígreifur eftir sýknu

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti réðst harkalega að pólitískum andstæðingum sínum í ræðu í gær þar sem hann fagnaði því að öldungadeildin sýknaði hann af ákærum um embættisafglöp.

Hann veifaði forsíðu Washington Post þar sem stóð „Trump sýknaður“ og sagðist viðurkenna að hafa haft rangt við í lífinu en þetta væri niðurstaðan. Atkvæði voru greidd í öldungadeildinni á miðvikudagskvöld að íslenskum tíma. Þar vildu 48 þingmenn sakfella forsetann en 52 sýkna.

Til þess að missa embætti sitt hefðu tveir þriðju öldungadeildarþingmanna þurft að samþykkja sakfellingu. Atkvæði féllu eftir flokkslínum fyrir utan að repúblikaninn Mitt Romney greiddi atkvæði með sakfellingu.

> Atkvæði í öldungadeildinni féllu þannig að 48 þingmenn vildu sakfella Trump en 52 greiddu atkvæði með sýknu hans.

Trump gagnrýndi Romney, sem var forsetaefni Repúblikanaflokksins 2012, harðlega í gær. Romney, sem er mormóni, sagðist hafa kosið eftir sannfæringu sinni og vísaði í eið fyrir guði.

„Mér líkar ekki við fólk sem notar trú sína sem réttlætingu fyrir að gera það sem það veit að er rangt,“ sagði Trump. Var þessum orðum einnig beint að Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar þingsins. Hún hefur sagt að hún hati Trump ekki og biðji fyrir honum.

Pelosi sagði Trump hins vegar þarna vera farinn að tala um hluti sem hann viti lítið um, trú og bænir.

Jonathan Turley, sérfræðingur í lögum sem hefur gagnrýnt ákæruferlið og repúblikanar ítrekað vitnaði í, var ekki sáttur við viðbrögð Trumps. Hann sagði á Twitter að forsetinn hafi greinilega hlustað á ráðgjafa sína og sleppt því að fara sigurhring. Hins vegar hefði hann ákveðið að fara sigurmaraþon.

Vinsældir Trump hafa haldist nokkuð stöðugar í gegnum ákæruferlið. Í nýjustu mælingu Gallup mælist ánægja með störf hans hins vegar 49 prósent og hefur ekki verið meiri í forsetatíð hans. Þá telja 63 prósent hann standa sig vel í efnahagsmálum. – sar

ILVA

# GO CRAZY

Sparaðu

# 25%

## AF ÖLLUM VÖRUM*

## FÖSTUDAG - MÁNUDAGS

### DAGANA 7. – 10. FEBRÚAR

*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Nýtum færið



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Því verður tæplega haldið fram að það hafi ekki verið búið að vara við þessu. Ný þjóðhagsspá Seðlabankans undirstrikar þá kólnun sem nú á sér stað í hagkerfinu. Eftir fordæmalausa uppsveiflu tókst að tryggja mjúka lendingu en hættan nú er sú að við séum að sigla inn í lengra tímabil stöðnunar en við höfum áður vanist. Hagvaxtarhorfur hafa enn versnað, verðbólga er vel undir markmiði, störfum fer fækkandi og atvinnuleysi eykst, útflutningur dregst saman og atvinnuvegafjárfesting hefur fallið eins og steinn. Þó gert sé ráð fyrir hagvexti í ár – um 0,8 prósent – þá er þetta lýsing á hagkerfi sem er í samdrætti. Ákvörðun um að lækka vexti úr þremur prósentum í 2,75 prósent – þeir hafa nú lækkað um 175 punkta síðan í maí 2019 – var því sjálfgefin og augljóst að meira þarf að koma til.

Stærsta áhyggjuefnið er atvinnuvegafjárfesting. Ný útlán til fyrirtækja drógust saman um fimmtíu prósent í fyrra. Eftir mikinn útlánavöxt árin á undan þá var við því að búast að hann færi minnkandi – en hversu hratt vöxturinn hefur dregist saman á jafn skömmum tíma verður ekki aðeins skýrt með efnahagslægðinni. Vaxtalækkanir Seðlabankans, sem eru einkum hugsaðar til að örva fjárfestingu, hafa ekki skilað sér sem skyldi í bættum lánskjörum og á sama tíma hafa bankarnir hækkað stórlega vaxtaálög sín á útlán til fyrirtækja. Við þær aðstæður, samhliða vaxandi launakostnaði sem er sá mesti sem þekkist í OECD, er ósennilegt að við munum sjá viðsnúning í fjárfestingaáformum fyrirtækja.

Hvað getur ríkið gert? Sterk staða ríkissjóðs og lágir vextir á heimsvísu þýða að aldrei hafa verið betri aðstæður til að ráðast í stórfelldar fjárfestingar í innviðum. Ekki er vanþörf á eftir langt tímabil á árunum eftir fall bankanna þar sem opinberar fjárfestingar sátu á hakanum. Fjármálaráðherra hefur talað fyrir því, sem eina leið til að fjármagna slíkar framkvæmdir, að hefja söluferli á hlutum í Íslandsbanka. Slíkt skref er tímabært en engin ástæða er til að skilyrða auknar innviðaframkvæmdir við það sem nú þegar hefur verið boðað við sölu á bönkunum. Yfir 800 milljarða óskuldsettur gjaldeyrisforði og sú staðreynd að hægt er að sækja sér erlent fjármagn á jafnvel neikvæðum vöxtum þýðir að ríkið stendur frammi fyrir sögulegu tækifæri. Við eigum að nýta það.

Staðan getur hæglega versnað verði ekkert að gert. Engin endastöð er í kröfum um hærri laun en um leið skilur enginn af hverju Ísland er dýrasta land í heimi. Hér fer illa saman hljóð og mynd. Seðlabankastjóri beindi mikilvægri spurningu á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í gær þegar hann sagði að þingmenn ættu að huga meira að því hvað þeir geta gert til að bæta framleiðni á Íslandi. Undir þá áskorun má taka. Allir eru sammála því að laun á Íslandi eigi að vera sem hæst. Á sama tíma vilja færri ræða hvernig hægt sé að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins svo hægt sé að auka þá verðmætasköpun sem nauðsynleg er til að standa undir frekari launahækkunum. Breytist það ekki mun Ísland verðleggja sig út af alþjóðlegum mörkuðum með tilheyrandi skertum lífsgæðum og auknu atvinnuleysi.

**Engin endastöð er í kröfum um hærri laun en um leið skilur enginn af hverju Ísland er dýrasta land í heimi.**

### Halldór








Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur


## Frá degi til dags

**Sloppurinn**

**Það vakti athygli þeirra sem fylgdust með málflutningi í Strassborg í fyrradag hversu vel málflutningsskikkja Vilhjálms Vilhjálmssonar fór lögmanninum. Í samanburði við aðra löglærða í salnum, að dómurunum sautján meðtöldum, bar lögmaðurinn af eins og gull af eiri. Pífur og blúndur eru alltaf klæðilegar, ekki síst þegar karlmenn klæðast þeim. Kardinálar í Vatikaninu eru þar gleggsta dæmið. Ef eitthvað mætti finna að skikkjunni væri það helst að hún er svört. Hún hefði notið sín betur í rauðu eða jafnvel purpuralit.**

**Klappliðin**

**Það var greip um sig undarleg tilfinning að horfa yfir salinn þarna í Strassborg.Hugrenningatengsl mynduðust við spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, og menn veltu fyrir sér hvort salnum væri skipt milli liða, þeirra sem styðja málstað íslenska ríkisins og hins vegar stuðningsmenn Guðmundar Andra Ástráðssonar, sem játaði ölvunar- og vímuefnaakstursbrot sín fúslega frammi fyrir héraðsdómara í Reykjavík og Landsréttardómurum í Kópavogi og er nú kominn með málið sitt til Strassborgar, öðru sinni.**
**Það sem var öðru vísi í Strassborg var að það voru ekki hraðaspurningar, en flest annað var líkt. Nema það var ekki klappað fyrir liðunum, sem er synd.**

# Góð þjónusta í Hafnarfirði



Ágúst Bjarni Garðarsson
formaður bæjarráðs í Hafnarfirði

Gallup framkvæmir árlega þjónustukönnun meðal tuttugu stærstu sveitarfélaga landsins og á fundi bæjarráðs í Hafnarfirði nú í lok janúar var farið yfir niðurstöður síðasta árs. Óhætt er að segja að niðurstöðurnar séu gleðilegar fyrir okkur, en ánægja með þjónustu við barnafjölskyldur, þjónustu leikskóla og þjónustu við fatlað fólk hefur ekki mælst hærri frá upphafi mælinga. Aðrir þættir ná einnig hæsta gildi og eru níu af hverjum tíu íbúum ánægðir með bæinn sinn.

Við höfum talað mikið fyrir aukinni áherslu á barnafjölskyldur í Hafnarfirði og höfum sýnt það í verki með mjög afgerandi hætti í formi verkefna og aðgerða sem innleidd hafa verið undanfarið ár. Markvisst höfum við t.a.m. bætt aðstæður og lækkað álögur á barnafjölskyldur með því að stórauka systkinaafslætti á leikskólagjöldum, innleiða nýja á skólamáltíðir grunnskólabarna, hætt gjaldtöku á ungmenni í sund, byggt skynsamlega upp íþróttamannvirki og hækkað frístundastyrki svo fátt eitt sé nefnt. Rík áhersla hefur jafnframt verið á fjölgun félagslegs húsnæðis og byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Öflugt og traust atvinnulíf er hverju samfélagi mikilvægt og árið 2018 steig núverandi meirihluti stórt skref þegar tekin var ákvörðun um að lækka álagningastuðul fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði úr 1,57% í 1,40%. Var það liður í því að létta undir með atvinnulífinu hér í bæ og skapa því aðlaðandi og traust umhverfi.

Líkt og sjá má hefur rík áhersla hefur verið lögð á innleiða og framkvæma í öllum málaflokkum og virðist það skila sér beint í mælingar. Það á bæði við um þá sem nýta sér þjónustuna og þeirra sem leggja mat á hana út frá tilfinningu og umtali í bæjarfélaginu. Þessar niðurstöður þjónustukönnunar Gallup gefa okkur því nokkuð góða mynd af ánægju íbúa og eru um leið mikilvæg hvatning til okkar um að gera enn betur á næstu misserum og árum. Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.

**Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Jón Þórisson jon@frettabladid.is,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is
LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Finnska leiðin - sauna og sveigjanleiki

**Í DAG**



Þorbjörg Sigríður Gunnarsdóttir

Alla morgna er haf bíla á ferð um höfuðborgarsvæðið til að koma börnum í leikskóla og skóla áður en foreldrar fara til vinnu. Alla daga hefst sami öldugangurinn og ölduniðurinn í lok vinnudags. Án þess að ætla að teikna upp mynd af langleiðinlegustu konu í heimi þá var ég mjög mikið að hugsa um Norðurlöndin í bílnum í gær eftir vinnu, þegar ég var á leið að sækja dóttur mína á fótboltaæfingu.

„Við erum 15 árum á eftir Norðurlöndunum“ er yfirleitt niðurstaðan þegar opinberir aðilar rýna einhverja stöðu eða stefnu. Verandi þessu yfirleitt sammála hef ég verið í hlutverki biluðu plötunnar á fundum með því að spyrja alltaf sömu spurningar þegar eitthvert álitaefni eða vandamál er til umræðu. „Hvernig er þetta leyst á hinum Norðurlöndunum?“ (Hér hjálpar að þessi spurning hljómar alltaf gríðarlega faglega. Þegar spurningin smellpassar kannski ekki við efnið þá getur fundarmaður samt staðið beinn í baki á fundi því umræða um Norðurlöndin þykir nefnilega alltaf vönduð.) Svarið við því hvernig einhver systurþjóðanna á Norðurlöndunum hefur tæklað eitthvert mál hentar okkur yfirleitt líka alveg glimrandi vel. Í umferðinni í gær hugsaði ég einmitt að varðandi samgöngur og borgarskipulag erum við einhverjum árum á eftir bræðrum okkar og systrum á Norðurlöndum. Fyrir vikið finnst mér ég líka verja árum í bílnum. Við virðumst líka vinna lengri vinnudag án þess þó að framleiðni sé meiri. Bak við þá staðreynd er einhver sannleikur sem við erum ekki búin að meðtaka. Ég er ekki viss um að eina svarið sé styttri vinnuvika talin í fjölda klukkustunda þegar stefnan er að festa fólk á vinnustaðnum. Kannski er svarið frekar að gefa fólki einfaldlega meiri vinnufrið með svigrúmi til að vinna að heiman. Auðvitað krefjast mörg störf fastrar viðveru öllum stundum en alls ekki öll. Sennilega fer þeim fækkandi störfunum þar sem viðveran er nauðsynleg alla daga frá 9-5.

### Finnar eiga svarið

Í Finnlandi er takturinn annar og það er opinber stefna að hvetja þá sem geta unnið heima til að gera það. Eftir einhver ár þegar starfshópur verður settur á laggirnar til að rýna hvers vegna framleiðni er ekki meiri á Íslandi, hvers vegna starfsfólk kvartar undan álagi og hvernig megi gefa fjölskyldufólki séns á að mæta kröfum vinnu og veruleika barnanna, þá kemur kannski fram skýrsla sem boðar finnsku leiðina. Upp úr 1990 fór stefnan um sveigjanlegan vinnutíma að ryðja sér til rúms í Finnlandi og er núna hluti af þeirra vinnukúltúr. Í ár boða Finnar lög sem eiga að taka þessa hugmyndafræði enn lengra, með því að veita fólki meira svigrúm um hvenær og hvar það vinnur vinnuna (í þeim störfum þar sem það gengur upp). Finnska ríkisstjórnin er líka að sýna stórleik með því að leggja til 7 mánaða rétt hvors foreldris um sig til fæðingarorlofs. Finnarnir eru meira en bara sauna, Finnar virðast skilja lífsins takt.

**Kannski er svarið frekar að gefa fólki einfaldlega meiri vinnufrið með svigrúmi til að vinna að heiman.**

Á höfuðborgarsvæðinu myndi finnska leiðin þýða að við þyrftum ekki öll að fljóta um í bílahafinu á sama tíma á morgnana. Þessi pólitíska stefna myndi hafa jákvæð áhrif á umferð og draga úr mengun því færri bílar væru á ferðinni. Þessi stefna myndi sömuleiðis gera að verkum að það þyrfti ekki að rífast um hvort börn fari hálftíma fyrr eða seinna í leikskólann því foreldrar hefðu eitthvert dagskrárvald sjálfir. Foreldrar lítilla barna gætu veitt þeim rólega byrjun á deginum. Þessi stefna myndi þannig draga úr stöðugu samviskubiti foreldra. Jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs yrði betur náð. Þessi stefna hefur sýnt sig leiða til færri veikindadaga, því fólk treystir sér oft til að vinna heima þó það hafi ekki heilsu til að vera innan um aðra. Finnska leiðin gæti líka stuðlað að því að jafna leikinn milli borgar og landsbyggðar því staðsetning vinnustaðarins væri ekki lengur mikilvægari en hæfileikar starfsfólks, sem í mörgum störfum getur verið staðsett hvar sem er. Finnar hafa áralanga reynslu af þessum sveigjanleika og rannsóknir sýna að þessi slaki eykur framleiðni, ánægju og sköpunargáfu. Niðurstaðan er því ekki bara að starfsfólk sé ánægðara. Vinnustaðir fá meira frá starfsfólki með því að veita því svigrúm. Seðlabankastjóri hefur talað fyrir því að sveigjanleiki í hagkerfinu og á vinnumarkaði séu mikilvægir þættir til að örva hagvöxt og að fyrsta skrefið sé að horfa til framleiðni í kjaraviðræðum. Getur verið að við séum ekki að horfa í rétta átt þegar við ræðum aðallega um lengd vinnuvikunnar og fjölda vinnustunda á vinnustað? Finnarnir hafa svarað þessari spurningu og svarið felst í því að gefa fólki svigrúm til að vinna vinnuna sína.

## Nýtt upphaf



Michael Nevin
breski sendiherrann

Bretland gekk út úr Evrópusambandinu 31. janúar síðastliðinn. Árið 2020 verður ár aðlögunartímabils þar sem núverandi samningar Bretlands og ESB munu áfram gilda. Það á einnig við um Ísland, og verða því engar áþreifanlegar breytingar fyrir íslenska og breska ríkisborgara eða fyrirtæki til ársloka.

Útgöngudagurinn 31. janúar markar þó nýjan kafla í sögu Bretlands.

Við höfum ákvörðunarvald yfir eigin framtíð og styrkjum samstarf við gamla bandamenn og ný vinaríki um heim allan. Við horfum fram veginn full sjálfstrausts.

Helstu styrkleikar Bretlands eru enn til staðar. Við erum fimmta stærsta hagkerfi heims. Breski markaðurinn er heillandi nú þegar, jafnvel áður en við ryðjum brautina og sköpum ný viðskipta- og fjárfestingatækifæri á alþjóðavísu.

Iðnaðar- og nýsköpunarstefna Bretlands og aukin fjárfesting í rannsóknum leiðir hagkerfi okkar inn í framtíðina. Við erum leiðandi afl þegar kemur að nýjum tækifærum í gervigreind, líftækni og grænu hagkerfi. Breski fjármálamarkaðurinn stuðlar að nýsköpun, og er Bretland ein af fjármálamiðstöðvum heims. Breskir háskólar eru meðal þeirra 10 bestu í heimi.

Við erum nú þegar helsti áfangastaður fjárfestingar í Evrópu. Nú þegar við höfum frjálsar hendur til að móta eigin fríverslunarstefnu munum við berjast fyrir fríverslun á heimsvísu. Þegar við náum nýjum samningum við þau ríki sem vaxa hvað hraðast mun Bretland verða brú út í hinn stóra heim m.a. fyrir íslensk fyrirtæki.

Fyrir lok þessa árs, mun stækkun á utanríkisþjónustu okkar gera bresku utanríkisþjónustuna þá stærstu í Evrópu, og þá þriðju stærstu í heiminum, á eftir Bandaríkjunum og Kína. Við munum halda áfram að stuðla að útbreiðslu lýðræðis, réttarríkisins, friðar og öryggis, með leiðandi þátttöku í alþjóðastofnunum á borð við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagið Alþjóðaviðskiptastofnuninni, og Evrópustofnanir á borð við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Við munum nýta tækifærið til að tryggja enn nánara samband við Ísland, eins og kom fram á fundi mínum með Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra, 3. febrúar síðastliðinn. Margþætt samband byggir ekki einungis á viðskiptum heldur einnig samstarfi í sjávarútvegi, nýsköpun og alþjóðamálum.

Í gegnum allt útgönguferlið úr ESB, höfum við átt gott samstarf við Ísland og hin EFTA-ríkin. Það skiptir mestu máli að við höfum náð samningum sem tryggja að Bretar búsettir á Íslandi og Íslendingar búsettir í Bretlandi fyrir 31. desember 2020 geta haldið áfram að búa þar, vinna og stunda nám. Íslendingar verða áfram velkomnir til Bretlands, hvort sem það er í stuttar heimsóknir eða viðskiptaferðir, eða til að stunda nám.

Og við munum áfram vera tryggur bandamaður í Evrópu, og horfa til sameiginlegrar sögu, hagsmuna og gilda. Við viljum að framtíðarsamband okkar við ESB sé byggt á vingjarnlegu samstarfi tveggja fullvalda jafningja til að tryggja hagsæld allra ríkisborgaranna. Við viljum tryggja samning við ESB svipaðan þeim sem Kanada og ESB hafa samþykkt, sem nær yfir fríverslun og afnemur tolla og kvóta. Að auki munum við halda áfram að vinna að alþjóðlegum málefnum í samstarfi við vini okkar í Evrópu, eins og utanríkis- og öryggismálum og baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Þar sem ríkin tvö leggja áherslu á mikilvægi fríverslunar, geta Bretar og Íslendingar ákvarðað nýtt samband þar sem viðskipta- og fjárfestingasamstarf getur vaxið og dafnað. Saman, með yfirgripsmikla og blómlega rannsóknastarfsemi, mennta- og ferðamannasamstarf (og einstaka ósigra í íþróttum), höldum við inn í nýtt, kraftmikið, tímabil tvíhliða samstarfs.



# Jón og Séra Jón í Reykjanesbæ

**Bæjarstjórn Reykjanesbæjar tók mál sundfólksins sem neitað var um styrk frá bænum vegna æfingaferðar upp á síðasta fundi. Fordæmi um að bærinn hafi haft sundmann á launum til að auðvelda það að komast á Ólympíuleikana 1988. En ekki núna.**

**SUND** Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi Miðflokks, bókaði á bæjarstjórnarfundi Reykjanesbæjar að hún hreinlega trúði því ekki að bærinn gæti ekki styrkt þrjú ungmenni sem reyna að komast á Ólympíuleikana um 300 þúsund krónur. „Við eigum frábært íþróttafólk sem er að standa sig mjög vel og við getum verið stolt af þeim og þau eru stolt að bera merki Reykjanesbæjar, sem er þekktur fyrir að vera íþróttabær,“ segir meðal annars í bókun hennar.

Bókun Margrétar kemur í kjölfarið á frétt Fréttablaðsins um ungt sundfólk sem sótti um styrk til að æfa sig til að komast á Ólympíuleikana í Tókíó í sumar. Bærinn sagði nei því þetta væri æfingaferð en ekki keppnisferð. Bærinn setti þó 500 þúsund krónur í körfuboltamót yngri flokka í bænum svo hægt væri að halda glæsilegt og veglegt opnunar- og lokakvöld.

> **Ég er ánægður með að við séum að standa við þær reglur sem við settum. Mér finnst það eðlilegt. Hvar eru mörkin á þessu? Ég væri til í að keppa á Ól eldri. Er bærinn til í að styrkja mig?**
>
> Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Margrét Ólöf A. Sanders, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, benti á að Njarðvíkurbær hefði stutt dyggilega við bakið á Eðvarði Þór Eðvarssyni á sínum tíma þegar hann var að ná lágmörkum á Ólympíuleikana í Seúl 1988. „Ég minnist þess að þegar ég var í íþróttaráði Njarðvíkur vorum við að styrkja Eðvarð Þór gríðarlega mikið. Það var ekki bara til keppni. Hann var á fullum launum hjá bænum, ef ég man rétt. Hann fékk mikla styrki hvort sem var til æfinga eða keppni. Líka þjálfarinn hans. Það var alveg til fyrirmyndar.“ Hún spurði líka hvort bæjarbúar ættu að standa saman eins og gert var í tilfelli Eðvars. „Ég sem bæjarbúi spyr hvort við eigum að standa saman eins og gerðist með Eðvarð. Það voru líka fyrirtæki og einstaklingar sem studdu hann. Eigum við pening til að hjálpa?“

Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, benti á að kjörnum fulltrúum bæri að fara eftir reglum. „Við erum ekki að veita styrki í æfingaferðir, þannig eru reglurnar. Það var engin leið að veita þennan styrk.“ Hann bætti svo við að hann sjálfur vildi fara á Ólympíuleika eldri borgara. „Ég er ánægður með að við séum að standa við þær reglur sem við settum. Mér finnst það eðlilegt. Hvar eru mörkin á þessu? Ég væri til í að keppa á Ól eldri. Er bærinn til í að styrkja mig?“ spurði hann.

Friðjón benti einnig á í pontu að styrkveitingar til landsliðsfólks Reykjanesbæjar hefðu verið auknar úr 20 þúsundum í 40 þúsund eftir að Margrét, sem vill að bærinn stofni afrekssjóð, enda dugi 40 þúsund lítið upp í ferðakostnað, hafi tekið dæmi máli sínu til stuðnings. „Það var einstaklingur valinn til að leika með U-18 ára landsliði í körfubolta síðasta sumar, fyrst á EM og svo á NM. Kostnaður viðkomandi var 538.700. Þar sem hann fékk styrk fékk hann tvisvar 20 þúsund og 10 þúsund eða samtals 50 þúsund krónur. Það vantar talsvert til að þetta gangi upp.“

Gunnar Þórarinsson bæjarfulltrúi Frjáls afls benti á að fyrirtæki á svæðinu væru því miður ekki að setja neinn pening í íþróttir og vildi sjá þau gera betur. Þá var komið að Guðbrandi Einarssyni Beinnar leiðar. „Af hverju á að veita sérstaka afreksstyrki frekar en aðra? Hverjir eru afreksmenn? Eru það þeir sem komast í landsliðin. En hin börnin? Ég næ þessu ekki,“ sagði Guðbrandur og yppti öxlum. Hann hélt svo áfram. „Ætlum við bara að hlúa að svokölluðum afreksfólki. Ég vil frekar hugsa um hina og láta þá sitja við sama borð.“

> **Af hverju á að veita sérstaka afreksstyrki frekar en aðra? Hverjir eru afreksmenn? Eru það þeir sem komast í landsliðin. En hin börnin? Ég næ þessu ekki.**
>
> Gunnar Þórarinsson, bæjarfulltrúi Frjáls afls



**Már Gunnarsson, ein stærsta íþróttastjarna landsins, er mjög líklegur til árangurs á Ólympíuleikum fatlaðra. Hann sló tíu Íslandsmet á HM fatlaðra í sundi í september en Reykjanesbær vill ekki styrkja hann til að æfa sig erlendis.**



# Tveir leikir í bann fyrir munnsöfnuð

**Sigurður Bragason, þjálfari kvennaliðs ÍBV í handbolta, var í gær úrskurðaður í tveggja leikja bann fyrir óviðeigandi orð sín í garð dómara í leik ÍBV U og Fram U í Grill 66-deildinni. Sigurður var ekki par sáttur við störf dómara leiksins og kallaði þá apaketti.**



Sigurður mun afplána tveggja leikja bann fyrir háttsemi sína í leik Eyjaliðsins um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**HANDBOLTI** Aga- og úrskurðarnefnd handboltasambands Íslands, HSÍ, úrskurðaði Sigurð Bragason, þjálfara kvennaliðs ÍBV, í tveggja leikja bann í gær. Sigurður sem var starfsmaður ÍBV U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Fram U og ÍBV U í Grill 66-deildinni um síðustu helgi.

Samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndarinnar mátu dómarar leiksins að brotið hafi fallið undir reglu 8:10 a) í leikreglum HSÍ. Þar kemur meðal annars fram að refsa skuli fyrir grófa óíþróttamannslega hegðun sem dómarar leiksins flokki sem móðgandi eða ógnandi hegðun sem beint er gegn öðrum aðila, svo sem dómara.

Í þessu tilviki snöggreiddist Sigurður í kjölfar ákvörðunar dómara leiksins í lok fyrri hálfleiks og kallaði annan dómara leiksins Ricardo Bernardo Machai Xavier djöfulsins apakött í reiðilestri sínum. ÍBV skilaði greinargerð í málinu þar sem komið var á framfæri athugasemdum félagsins sem og afsökunarbeiðni við dómara leiksins, vegna framgöngu þjálfarans.

Með vísan til orða þjálfarans og háttsemi hans, sem beindist að báðum dómurum leiksins, var Sigurður úrskurðaður í leikbann vegna brots sem að mati nefndarinnar er réttilega heimfært undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að þjálfarinn er úrskurðaður í tveggja leikja bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Ekkert sértækt ákvæði er í reglum HSÍ sem tekur á orðum eða gjörðum sem fela í sér kynþáttafordóma.

Fyrir brot sem falla undir reglur 8:10 í leikreglum getur aganefnd úrskurðað viðkomandi í leikbann í allt að sex leiki eftir alvarleika brotanna eða tímabundið bann. Miðað við þá refsingu sem Sigurður fékk í þessu máli má álykta að aga- og úrskurðarnefnd áliti orð hans ekki fela í sér kynþáttafordóma heldur fremur sem móðgandi hegðun.

Virðist skipta máli við það mat að hann hafi beint orðum sínum að báðum dómurum leiksins að mati aga- og úrskurðarnefndarinnar en Hekla Ingunn Daðadóttir dæmdi umræddan leik með Ricardo Bernardo Machai Xavier.

Leikreglur HSÍ eru bein þýðing á reglum alþjóða handboltasambandsins, IHF, frá því árið 2016 en þar er ekki kveðið sérstaklega á um hvernig refsa skuli fyrir orð sem fela í sér kynþáttafordóma líkt og gert er í reglum alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, og kemur fram í reglugerðum KSÍ.

Af þeim sökum hefðu samsvarandi reglur og agaákvæði ekki átt við í þessu máli og sambærilegum málum sem upp hafa komið í íslenskri knattspyrnu og taldar voru falla undir kynþáttafordóma hefði aga- og úrskurðarnefnd HSÍ metið að orð Sigurðar fælu í sér fordóma vegna kynþáttar dómarans.

hjorvaro@frettabladid.is

## Reglugerð KSÍ

Reglugerð KSÍ sem byggir á því sem fram kemur í reglugerð FIFA kveður á um að hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti fimm leiki og banni frá viðkomandi leikvelli.

Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000.

Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt félags nema að lágmarki kr. 150.000.





Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# KOMDU ÞÉR Í GÍRINN
## #12stig




Frosnir kjúklinganaggar, bitar og vængir. Tilbúnir beint í ofninn

verð frá **579** kr/pk

**Tilboð**
**89** kr/stk
verð áður 119 kr




**Pepsi Max**
**Cherry - Ginger - Lemon**




**Aviko franskar**
**Steikar og sætar**

verð frá **339** kr/pk




**Trufflukrydd og truffluolía**
**Gerðu þínar eigin trufflufranskar**

verð frá **899** kr/stk




**Gómsætu súkkulaðieggin frá Nóa með málshætti**

verð frá **799** kr/pk




**NÝJUNG**
**Magnum rjómaís í súkkulaðiskel**
**Þennan verður þú að prófa**

**899** kr/stk




**Vinsæla Sour Patch Kids hlaupið færðu í verslunum okkar**

verð frá **649** kr/pk

Tilboð gilda út 9. febrúar

# Meira girnilegt

100% HREIN AFURÐ

15% afsláttur






Íslandssósur eru frábærar með helgarsteikinni

**519** kr/stk

Holta KJÚKLINGUR

Kjúklingabringur

**2.167** kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg




30% afsláttur

30% afsláttur af öllum kryddum frá Kryddhúsinu

20% afsláttur




Nauta piparsteik

**3.199** kr/kg
verð áður 3.999




Lambalæri

**1.499** kr/kg
verð áður 1.699

10% afsláttur




Þykkar lambakótilettur

**3.599** kr/kg
verð áður 3.999

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

## Merkisatburðir



**1980** Ríkisstjórn **Gunnars Thoroddsen** tekur við völdum.

**1984** Vetrarólympíuleikarnir hefjast í Sarajevó.

**1992** Vetrarólympíuleikarnir eru settir í Albertville í Frakklandi.



**1996** **Bill Clinton** undirritar ný bandarísk fjarskiptalög.

**2002** Opnunarhátíð Vetrarólympíuleikanna fer fram í Salt Lake City.

**2005** Ísrael og Palestína samþykkja vopnahlé.

**2005** Kortaþjónustan Google Maps hefur göngu sína.

**2012** Verne Global, fyrsta „græna“ gagnaverið í heiminum, er tekið í notkun á Ásbrú.




✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**Málfríðar Höddu Halldórsdóttur**

**Esther G. Högnadóttir** **Marteinn Karlsson**
**Þórunn Högnadóttir** **Brandur Gunnarsson**
**Aron Högni, Hadda Rakel, Magnea Rut, Tristan Þór, Birgitta Líf, Birgir Þór, Leah Mist, Vignir Hrafn og Magnea Rún.**
**Sigurlaug, Guðríður Erla, Kolbrún og Hekla**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórir Kristjónsson**
skipstjóri,
Fellasmára 4, Kópavogi,

sem lést föstudaginn 31. janúar, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 10. febrúar klukkan 15.00.

**Inga Jóna Ólafsdóttir**
**Helga Þórisdóttir** **Gísli Sveinbjörnsson**
**Inga Þóra Þórisdóttir** **Guðmundur Helgason**
**Guðný Þórisdóttir** **Egill Sveinbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Vestmann**
Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést 2. febrúar á líknardeild LSH. Útför fer fram þriðjudaginn 11. febrúar kl. 11 frá Seltjarnarneskirkju. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Báru er bent á slysavarnadeildina Vörðuna, kt. 701193-2379, rnr. 0137-15-630625.

**Jónatan Guðjónsson** **Brynja Blumenstein**
**Ottó Vestmann Guðjónsson** **Elín Kolbeins**
**Valborg G. Guðjónsdóttir** **Willem C. Verheul**
**Guðjón S. Guðjónsson** **Hrefna Þórðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og tengdabörn.**



✝

Okkar ástkæri,

**Stefán Þorláksson**
Gautlandi, Fljótum,
Skagafirði,

lést þriðjudaginn 17. desember á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði. Útförin fór fram laugardaginn 11. janúar frá Siglufjarðarkirkju. Starfsfólki HSN á Siglufirði eru færðar þakkir fyrir einstaklega góða umönnun.

**Aðstandendur.**




**Kjartan og forstjórinn Friðrik Ingi, eigandi Burstagerðarinnar sem var stofnsett 1. maí árið 1930.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vill ekki vera aðgerðarlaus

**Í Burstagerðinni, sem verður 90 ára á vordögum, starfar einn maður við framleiðslu, Kjartan Gunnarsson. Hann varð áttræður nýlega en vinnur virka daga og leiðist aldrei.**

Á neðri hæð í húsi Aflvéla við Suðurhraun í Garðabæ er Burstagerðin. Þar er ríki Kjartans Gunnarssonar, eina menntaða burstagerðarmanns landsins. Þegar mig ber að garði stendur hann við mottugerð, nákvæmnisverk sem unnið er bæði með vélum og höndum. „Svona mottur eru víða, þessi á að fara í Bráðamóttökuna,“ útskýrir Kjartan sem sinnir sínu fagi þó aldurstalan hækki, enda eins og unglamb. „Ég get ekki hugsað mér að vera aðgerðarlaus og þó að það sé skemmtilegt og nauðsynlegt að passa barnabarnabörnin stundum þá langar mig líka að gera eitthvað annað,“ segir hann brosandi.

Kjartan ólst upp í Svínafelli í Öræfum og man eftir handbundnum böggum og hestasláttuvélum. en svo brast vélaöldin á. „Ég var enginn sérstakur vélamaður,“ segir hann. „Mér þótti auðvitað gaman að keyra svona um það bil eins hratt og druslurnar drógu en hafði líka gaman af skepnunum og einn vetur hugsaði ég alveg um þær, þegar ég var 15-16 ára. Bræður mínir voru þá í Eyjum og þangað fór ég svo árið eftir, einmitt á 17 ára afmælisdaginn minn. Var tvær vetrarvertíðir í landi og þá þriðju á sjó, á Hilmi VE. Það var 40 tonna bátur, hann var oft vel hlaðinn og með þeim aflahærri um vorið.“

Sextíu og eitt ár eru frá því Kjartan hóf störf í Burstagerðinni fyrst, hjá Hróbjarti Árnasyni, afa Friðriks Inga Friðrikssonar sem nú rekur hana. „Árið var 1959 og ég var rétt innan við tvítugt,“ rifjar Kjartan upp og kveðst hafa unnið við penslagerð fyrstu árin. „En ég hef ekki verið hér samfellt heldur vann í átta ár annars staðar,“ tekur hann fram. „Þó var ég viðloðandi Burstagerðina líka flest árin.“ Hann segir breytingarnar miklar frá því hann byrjaði. „Þá voru hér tíu, tólf manns í vinnu og framleiðslan var fjölbreytt, enda voru Íslendingar þá sjálfum sér nógir með alls konar iðnaðarvörur sem nú eru fluttar inn, þar á meðal pensla og bursta. Við erum með þrjár, fjórar gerðir af fjöldaframleiddum burstum núna, þar á meðal bílaþvottakústa fyrir olíufélögin, þessa sem eru á þvottastöðvunum. Ég er að byggja upp lager af þeim fyrir sumarið,“ segir Kjartan og bendir á stóra kassastæðu sem hann segir fulla af hárum í kústana. Hann setur líka vélina í gang og býr til nokkra bursta svo ég sjái hvernig að því er staðið. „Svo eru ýmis sérverkefni, aðallega fyrir álver og fiskiðnað,“ bætir hann við, þegar hann hefur slökkt á vélinni. „Við endurnýjum hár í bursta fyrir álverin og búum til stóra, sívala bursta fyrir togarana, þeir snúast móti færiböndunum og hreinsa af þeim ísinn.“



**Nokkrar mismunandi vélar notar Kjartan í vinnu sinni og segir ágætt að geta skipt um handtök. Hér býr hann til bílakústa og byggir upp lager.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Þó að það sé skemmtilegt og nauðsynlegt að passa barnabarnabörnin stundum þá langar mig líka að gera eitthvað annað.**

Þó Kjartan segi alltaf „við“ þá hefur hann verið einn við framleiðsluna í Burstagerðinni í nokkur ár. Leiðist þó aldrei í vinnunni, að eigin sögn. Hann hlustar á útvarpið og leiðir hátalarana í eyrun þegar hátt lætur í vélunum. Stutt er líka í góðan félagsskap starfsfólks Aflvéla og stjórnandans, Friðriks Inga, upp á loftinu, þangað stekkur Kjartan í mat og kaffi. Þegar hann varð áttræður, 17. janúar síðastliðinn, bauð Friðrik Ingi honum og öðru starfsliði sínu og mökum í árshátíðarferð til Lettlands. Kjartan segir það hafa verið mikið stuð. En aðspurður segir hann langt síðan hann hafi farið á ball. „Við hjónin dönsum samt stundum í eldhúsinu. Nýlega buðum við fjölskyldunni í mat, svo komu óvæntir gestir úr Kjalnesingakórnum og sungu nokkur lög og við fengum okkur snúning!“

Burstagerðin var við Laugaveg 93 þegar Kjartan byrjaði þar. „Við höfum flutt þó nokkuð oft,“ segir hann. En erum búin að vera hér í Suðurhrauni í nokkur ár. Ég enda á „hrauninu!“

gun@frettabladid.is

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2020



# Ætlar að vinna öll beltin

Kolbeinn Kristinsson, atvinnumaður í hnefaleikum, barðist í fyrsta sinn í Bandaríkjunum í janúar eftir að hafa fengið samning hjá þarlendu fyrirtæki. Hann segir að loksins séu hlutirnir byrjaðir að gerast og miðar hátt. →2

**Kolbeinn Kristinsson er hnefaleikakappi sem keppir í þungavigt. Hann á að baki 12 bardaga sem atvinnumaður og er kominn á samning hjá Salita Promotions í Bandaríkjunum. Hann hefur verið atvinnumaður frá árinu 2014 og ætlar sér að verða heimsmeistari í íþróttinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Kolbeinn Kristinsson, atvinnumaður í hnefaleikum, keppti í sínum fyrsta atvinnumannabardaga í Bandaríkjunum í janúar og vann með rothöggi í annarri lotu. Hann hefur verið atvinnumaður frá árinu 2014 en segir að nú sé ferillinn loksins í alvöru kominn af stað. Með sigrinum tryggði hann sér samning við bandarískt fyrirtæki sem sér um að kynna hnefaleikamenn og finna handa þeim bardaga, svo nú er ferillinn kominn með góðan stuðning.

Kolbeinn segir að það hafi verið svolítið fyndin saga á bak við það hvernig hann byrjaði í boxi, en þá var hann að vinna með Skúla Ármannssyni, sem var fyrsti Íslendingurinn til að keppa í hnefaleikum sem atvinnumaður.

„Hann sagði við mig: „Komdu að æfa box, þú ert með langar hendur, þú getur barið einhvern“,“ segir Kolbeinn. „Ég var svo bara ástfanginn af íþróttinni frá fyrstu æfingu. Skúli var kominn miklu lengra en allir aðrir í hnefaleikum hér á landi og hann fór á undankeppni fyrir Ólympíuleikana og svo í atvinnumennsku,“ segir Kolbeinn. „Ég sá að þetta væri hægt, svo ég ákvað að reyna að gera það sama. Ég var samt í rauninni byrjaður að vinna sem boxari áður en ég gerðist atvinnumaður í boxi,“ segir Kolbeinn. „Þetta þróaðist þannig að ég eyddi sífellt meiri tíma í þetta og var farinn að vinna við að þjálfa, þannig að ég var ekki að gera neitt annað þegar ég ákvað að verða atvinnumaður.“

## Langur og glæstur áhugamannaferill

Kolbeinn, sem berst í þungavigt, barðist 40 sinnum sem áhugamaður áður en hann gerðist atvinnumaður.

„Flestir bardagarnir fóru fram erlendis, þannig að ég þurfti að borga fyrir flug og allt og þetta kostaði um 100 þúsund krónur í hvert sinn,“ segir hann. „Ég varð líka tvöfaldur Íslandsmeistari, en það voru reyndar ekki oft margir í sama þyngdarflokki og ég. Fyrsta alþjóðlega mótið sem ég vann til verðlauna á var Tammer-mótið í Finnlandi, en þar fékk ég brons. Ég fór á einnig á Norðurlandamótið tvisvar og vann þar brons og silfur. Silfrið fékk ég eftir sigur með rothöggi og það var fyrsta og eina rothöggið á mótinu. Ég tók líka þátt í undankeppni Ólympíuleikanna og fór á Heimsmeistaramótið.

Planið var alltaf að fara í atvinnumennsku 2013 og á ÓL árið 2012,“ segir Kolbeinn. „En svo eignaðist ég stelpu árið 2012, þannig að þá var ég ekki tilbúinn og það frestaðist aðeins.

Það var gott, því ég gat notað tímann til að taka nokkra fleiri bardaga og fór upp um þyngd,“ segir Kolbeinn. „Ég barðist svo í síðasta sinn sem áhugamaður milli jóla og nýárs 2013 og árið eftir það fór allt að gerast og ég fór að fá tilboð um að koma að æfa frá ýmsum stöðum. Í nóvember 2014 varð ég svo atvinnumaður.“

## Með samning og góða þjálfun

Kolbeinn á nú 12 atvinnumannabardaga að baki, en reyndar eru bara 11 þeirra skráðir.

„Það er út af pólitík,“ segir hann. „En ég er núna búinn að keppa í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Ungverjalandi og Bandaríkjunum og er ósigraður. Ég er skráður með 11 sigra og 5 rothögg.

Sumarið 2018 barðist ég á móti strák sem var allt í lagi, en bardaginn var töluvert erfiðari en hann átti að vera. Þá var ég kominn á þann stað að þurfa betri þjálfun frá þjálfara sem hefur gert þetta allt sitt líf. Ég komst í samband við Dmitry Salita, sem á Salita Promotions, og hann kom mér í samband við þjálfarann minn í Bandaríkjunum, sem heitir Sugar-Hill Stewart og er frændi goðsagnakennda þjálfarans Emanuel Stewart,“ segir Kolbeinn.

Þess má geta að SugarHill þjálfar líka einn þekktasta þungavigtarboxara heims, Tyson Fury.

„Ég fór að æfa hjá honum og fór svo í æfingabúðir með honum í janúar, en ég hef talað við hann í langan tíma. Salita hefur svo verið að fylgjast með mér, en ég sá það þegar ég kom í nóvember síðastliðnum að hann sýndi mér meiri áhuga en áður,“ segir Kolbeinn. „Þá var hann búinn að sjá hvernig ég er og kunni að meta viðmótið mitt og dugnaðinn og það að ég er alltaf að bæta mig og er ekkert að kvarta. Þess vegna vildi hann setja mig á samning og sagði að honum fyndist ég mjög góður en að ég gæti verið miklu betri með þjálfun. Hann ákvað að leyfa mér að berjast í Iowa þann 17. janúar síðastliðinn og það var fyrsti bardaginn minn í Bandaríkjunum og fyrsti bardaginn undir samningnum hjá Salita Promotions.

Ég vann bardagann með rothöggi í 2. lotu,“ segir Kolbeinn. „Þetta var alveg flott, en ég er með svo háan standard fyrir sjálfan mig að ég var ekkert svakalega sáttur með frammistöðuna. Ég hefði viljað gera meira, en svona þróaðist þetta. Sá sem ég barðist við hefur verið að boxa síðan hann var 6 ára, svo hann var með góða reynslu og var sprækur.

Með sigrinum festist samningurinn við Salita Promotions í sessi, en ef ég hefði tapað hefði hann bara orðið ógildur,“ segir Kolbeinn. „Með sigrinum er samningurinn því frágenginn og ég kominn í Salita liðið, sem þýðir að ég er með fjölmiðlafulltrúa erlendis og batterí á bak við mig.“

## Kominn upp úr leðjunni

Kolbeinn segir að það hafi verið hálf óraunverulegt að keppa í Bandaríkjunum, en viðburðurinn sem hann keppti á var sýndur á Showtime sjónvarpsstöðinni, sem er meðal þriggja stærstu dreifingaraðila hnefaleika í heiminum.

„Það var allt svo fagmannlegt í kringum þetta og maður fann fyrir aukinni pressu. Þetta var töluvert öðruvísi og þetta var flottasti viðburður sem ég hef barist á,“ segir Kolbeinn.

Hann segir að það að fá að berjast í Bandaríkjunum sé góður afrakstur af öllu erfiði sínu.

„Maður hefur lengi verið að grafa sig upp úr leðjunni en loksins er maður kominn upp og eitthvað er farið að gerast. En maður vill alltaf meira,“ segir Kolbeinn.

Hann segir að það sé töluvert öðruvísi að undirbúa sig fyrir bardaga í Bandaríkjunum en hér heima.

„Úti eru sex aðrir færir bardagamenn með mér og stærsti munurinn er að vera ekki lengur bestur í gymminu,“ segir Kolbeinn. „Þarna eru boxarar sem eru með meiri reynslu og eru betri en ég. Það er það sem þarf að verða betra og mér fannst þetta vanta.“

## Bannað hér, í N-Kóreu og á Kúbu

Kolbeinn segir mjög erfitt að vera boxari á Íslandi.

„Sérstaklega ef þú ætlar að gera eitthvað með þetta, því það er enn þá smá tabú varðandi hnefaleika á Íslandi þannig að það eru til dæmis engin fyrirtæki til í að veita manni stuðning, svo maður er alveg einn á báti,“ segir hann. „Það hefur líka verið lítill peningur í þessu hingað til, en það er samt eitthvað að gerast núna eftir að Hnefaleikasamband Íslands kom til sögunnar. En það eru engir innviðir á Íslandi til að búa til fleiri góða boxara. Það er að hluta til vegna þess að á Íslandi eru atvinnuhnefaleikar bannaðir með lögum. Það er þannig á Íslandi, Kúbu og í Norður-Kóreu.

Ég á samt ekki von á því að flytja frá Íslandi,“ segir Kolbeinn. „Sem stendur er þægilegra að ferðast fram og til baka, en það gæti breyst þegar maður er kominn lengra.“

## Nauðsynlegt að setja markið hátt

Það stefnir í að Kolbeinn berjist næst í lok mars eða í seinasta lagi í byrjun apríl.

„Ég er mögulega með bardaga í lok mars, en ég vil ekki gefa upp dagsetningu strax. Ef það gengur ekki upp á ég að fá bardaga í byrjun apríl,“ segir hann. „Þannig að það eru 6-10 vikur í næsta bardaga og ég vonast til að fá allavega fimm bardaga á árinu. Ef ég berst í lok mars eða byrjun apríl get ég alveg séð fram á að ná 5-6 bardögum á árinu.

Stefnan er að verða heimsmeistari og vinna öll beltin. Vera bestur í heimi,“ segir Kolbeinn. „Ef maður setur markið ekki nógu hátt er það of lágt. Ég held að það gildi það sama fyrir alla, hvað sem maður er að gera, að það þarf að setja markið svo hátt að það sé nánast ómögulegt að ná því, en svo verður maður manneskjan sem getur náð markmiðinu.“

## Fjölskyldufaðir sem spilar Fortnite

Þegar Kolbeinn er ekki að æfa er hann að þjálfa aðra boxara og þegar hann er ekki í gymminu er hann með fjölskyldunni.

„Ég er bara týpískur fjölskyldufaðir, annað hvort í vinnunni eða heima hjá mér með kærustunni minni til tíu ára, Ingu Birnu, og Ástu Unni, stelpunni okkar, sem verður átta ára í haust,“ segir Kolbeinn. „Þegar ég fer út að æfa tek ég svo alltaf PlayStation tölvuna með, því það eru alltaf svona tíu tímar á dag sem maður er ekki að æfa. Núna er ég svolítið að spila Fortnite, en ég er samt ekki jafn góður í Fortnite og Gunnar Nelson.“



**Kolbeinn segir nauðsynlegt að setja markið svo hátt að það sé nánast ómögulegt að ná því. Ef maður leggur nógu hart að sér verður maður svo manneskjan sem getur náð markmiðum sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **„Það er ennþá smá tabú varðandi hnefaleika á Íslandi þannig að það eru til dæmis engin fyrirtæki til í að veita manni stuðning, svo maður er alveg einn á báti.**



**Kolbeinn keppti í fyrsta sinn í Bandaríkjunum í janúar og vann bardagann með rothöggi í annarri lotu. Þar með festi hann sig í sessi hjá Salita Promotions, sem munu hjálpa honum og útvega honum bardaga.** MYND/AÐSEND

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Hjartað þitt

## hjartamánuður 2020

FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2020



# Eins og hvirflbylur færi um líkamann

Þegar Addý Ólafsdóttir gekk með sitt fjórða barn árið 2013 var hún greind með of háan blóðþrýsting. Eftir fæðingu tóku við sex ár af vangreindum háþrýstingi og Addý lenti í bráðri lífshættu. →2

**Klæðumst rauðu í dag.**

# Áhætta á meðgöngu og eftirfylgni



**Rannveig Ásgeirsdóttir**
verkefnastjóri GoRed



**Helga Margrét Skúladóttir**
formaður.

Ellefti rauði dagurinn runninn upp á Íslandi og enn á ný minnir GoRed vitundarvakning um hjartasjúkdóma kvenna á sig. Árið 2020 hefst í móðurkviði. Umfjöllunarefni blaðsins að þessu sinni er áhættumeðgöngur og eftirfylgni við mæður og börn þeirra til framtíðar.

Það eitt að vera kona gefur okkur forskot þegar kemur að áhættu við að fá hjarta-og æðasjúkdóma, það er nokkuð sem við getum verið mjög ánægðar með og þurfum þá að lágmarka að utanaðkomandi áhættuþættir eyðileggi ekki það forskot sem við fengum. Þar erum við við stýrið með því að vanda fæðuval, stunda hreyfingu, reykja ekki, þekkja blóðþrýstinginn okkar og vera meðvitaðar um ættarsögu, sér í lagi hvað varðar hjarta- og æðasjúkdóma.

**Nú er ekki eingöngu talið að konur sem lenda í áhættumeðgöngu þurfi á eftirfylgd að halda heldur einnig barnið.**

Meðgöngusykursýki , háþrýstingur á meðgöngu og meðgöngueitrun eru vandamál sem geta verið þess valdandi að við missum okkar meðfædda forskot og þurfum að búa við þá staðreynd að sjúkleiki geti komið upp í hjartaeða æðakerfi okkar síðar á lífsleiðinni og þurfum að hugsa enn betur um okkur og láta fylgjast með okkur reglubundið.

Nú er ekki eingöngu talið að konur sem lenda í áhættumeðgöngu þurfi á eftirfylgd að halda heldur mögulega einnig barnið sem fæðist eftir slíka meðgöngu og því mikilvægt að vitneskjan gangi áfram til þess þegar það kemst til vits og ára. Það er forvörn falin í því að geyma og miðla ættarsögu.

En markmiðið ætti án nokkurs vafa að vera að lágmarka tíðni áhættu á meðgöngu og er öllum til hagsbóta og þá skiptir máli að við sjálfar séum vakandi fyrir heilsunni , líkamlegu ástandi okkar og mögulega undirliggjandi vandamálum sem hægt er að fylgjast með og meðhöndla.

Munum að börnin leggja traust sitt á okkur. Verum til staðar fyrir þau, ábyrgar,heilar og hraustar.

## Klæðist rauðu í dag.



**Rannveig Ásgeirsdóttir og Alma Möller landlæknir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í dag verður árlega átakinu GoRed hleypt af stokkunum. Aðstandendur þess hvetja landsmenn til að klæðast einhverju rauðu í dag af því tilefni. GoRed-átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á slíkum sjúkdómum. Um alheimsátak er að ræða sem á upptök sín í Bandaríkjunum og víða um Evrópu.




**Framhald af forsíðu**

Ég var kyrrsett heima á áttunda mánuði meðgöngunnar vegna of hás blóðþrýstings. Ég var þó ekki komin með meðgöngueitrun heldur átti að taka því rólega heima við og fylgjast vel með blóðþrýstingnum,“ segir Addý sem fann ekki fyrir neinu og eignaðist yndislega og heilbrigða stúlku.

„Eftir fæðinguna beindist auðvitað öll athygli að barninu og ég spáði ekkert meira í blóðþrýstinginn. Vitaskuld hefði ég átt að fylgjast með honum sjálf og þótt ég álasi engum finnst mér umhugsunarvert hvort ekki ætti að fylgjast áfram með blóðþrýstingi mæðra í ungbarnaeftirlitinu því það er svo auðvelt að halda grunlaus áfram með lífið þegar barnið er komið í heiminn og alls ekki sjálfgefið að meðgönguþrýstingur eða meðgöngusykursýki gangi til baka eftir fæðingu,“ segir Addý.

### Blóðþrýstingur var 180/260

Addý lét óáreitt að fylgjast með blóðþrýstingnum fyrstu sex árin í lífi yngstu dóttur sinnar enda einkennalaus með öllu og vissi ekki betur en að hún væri hreystin uppmáluð.

„Á þessum sex árum lifði ég lífinu og fann ekki fyrir neinum einkennum fyrr en í fyrra að ég fór að fá mikinn hausverk sem lýsti sér í öllum meginatriðum eins og mígrenihausverkur. Ég velti því svo ekkert frekar fyrir mér, tók inn verkjatöflur og gekk út frá því að ég væri líklegast að fá mígreni á gamals aldri. Eftir á hef ég stundum hugsað að hefðu börnin mín þjáðst af álíka höfuðkvölum hefði ég umsvifalaust farið með þau til læknis en mér fannst hausverkurinn ekki koma nógu reglulega til þess og lét mig hafa það,“ segir Addý.

Eftir því sem leið á árið 2019 fór Addý að finna fyrir aukinni mæði.

„Ég varð æ meira mæðin við gang og gat á endanum ekki lagst út af því þá náði ég ekki andanum. Síðustu tvær næturnar áður en ég veiktist síðastliðið haust svaf ég upprétt í hægindastól og hugsaði með mér að það væri ekki boðlegt. Ég fór því á heilsugæsluna þar sem blóðþrýstingurinn var mældur fimm sinnum í röð til að ganga úr skugga um að tölurnar reyndust hreinlega réttar því blóðþrýstingurinn mældist í hvínandi botni, eða 180/260!,“ upplýsir Addý sem var send rakleiðis af heilsugæslunni á bráðamóttökuna.

### Fór í andnauð á biðstofunni

Addý gekk sjálf inn um dyrnar á bráðamóttöku Landspítala í fylgd eiginmanns síns.

„Eftir tímana tvo á biðstofunni var ég komin inn fyrir í nánari skoðun og fór þar í andnauð. Þá var allt sett í fullan gang og þurfti að nota þrjár tegundir gass til að hjálpa mér að ná andanum á ný. Ég var komin í hjartabilunarfasa og mín upplifun af því var eins og hvirfilbylur færi um líkamann með víðtækum skemmdum á líffærum. Við það stækkaði hjartavöðvinn, og það gengur ekki til baka, við tók nýrnabilun, vatn fór inn á lungun og bjúgur og bólga varð á sjóntaug. Það gekk til baka á fjórum mánuðum en sjónin verður aldrei eins góð og allt er þetta af völdum háþrýstings,“ útskýrir Addý sem var hætt komin en heppin að vera á réttum stað þegar ósköpin gengu yfir.

„Sem betur fer stóðst æðakerfið mitt af sér þetta próf en oft leiðir langvinnur háþrýstingur til þess að gúlpur gefur sig í æðum sem svo getur leitt til heilablóðfalls eða hjartaáfalls. Of hár blóðþrýstingur er stundum kallaður „silent killer“ því hann er svo lúmskur og einkennin misvísandi; maður er í bullandi lífshættu en hefur ekki hugmynd um það.“



**Addý Ólafsdóttir var á réttum stað á réttum tíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Á heilsugæslunni var blóðþrýstingurinn mældur fimm sinnum í röð til að ganga úr skugga um að tölurnar reyndust hreinlega réttar því blóðþrýstingurinn mældist í hvínandi botni, eða 180/260!**

Addý kveðst ekki hafa haft tíma til að verða hrædd þennan örlagaríka dag á bráðamóttökunni.

„Þetta kvöld stóð allt tæpt og þegar hjartalæknir var farinn að undirbúa hjartaaðgerð leit ég á manninn minn og sagði: „Bíddu, ég labbaði hérna inn af sjálfsdáðum og þremur tímum seinna er ég á leið í hjartaaðgerð!“ Þá skildi ég að ástandið var dauðans alvara. Önnur hjartalokan var farin að leka en ákveðið var að bíða með aðgerðina til næsta dags til að meta hvort lekinn stöðvaðist og það gerðist sem betur fer. Ég var sannarlega heppin og að vera á réttum stað þegar þetta allt gerðist með frábæra lækna í kringum mig,“ segir Addý, þakklætið uppmálað.

Í framhaldinu var Addý lögð inn á gjörgæsludeild þar sem hún var undir eftirliti í þrjá sólarhringa.

„Þegar búið er að keyra á hjartaog æðakerfinu af svo miklum þrýstingi í langan tíma þarf að trappa hann rólega niður á gjörgæslu. Þar var ég með allskyns lyf í æð og fylgst var náið með mér en við tók innlögn á hjartadeild þar sem tók heila viku að finna rétta lyfjaskammtinn til að stilla blóðþrýstinginn rétt,“ upplýsir Addý sem mun áfram þurfa að vera í reglubundnu eftirliti til að hafa hemil á óstýrilátum blóðþrýstingi.

### Brýnt að mæla þrýstinginn

Addý starfar hjá Icelandair og segir vinnuveitendur sína einstaklega skilningsríka.

„Ég var frá vinnu út árið 2019 og þurfti að fara í endurhæfingu á Reykjalundi. Læknirinn minn segir batann gerast hraðar en hún bjóst við en það tekur sinn tíma að vinna upp þrek og starfsorku,“ segir Addý sem er nýlega byrjuð að vinna aftur, hálfan daginn.

„Mér líður almennt vel og er ekki þjáð en finn fyrir þróttleysi af og til og þarf að gæta þess að hafa ekki of mikið álag í lífinu. Ég reyni að lifa lífinu með ró því enn koma þrýstingstoppar sem ég finn í þreytu og kraftleysi. Ég er heldur ekki enn komin á réttu lyfin fyrir hjartað því nýrun eru ekki enn búin að jafna sig og geta ekki höndlað það tiltekna hjartalyf. Ég er nú á sex mismunandi lyfjum fyrir hjartaog æðakerfið en þótt lyfin þjóni frábærum tilgangi fylgja þeim ýmsar aukaverkanir. Þannig hefur kuldinn slæm áhrif á mig og fingurnir verða náhvítir sökum þess að háræðarnar dragast of mikið saman og blóðflæði nær ekki fram í fingurgómana,“ útskýrir Addý.

Hún hvetur allar mæður sem fengið hafa háþrýsting á meðgöngu að láta fylgjast með honum eftir fæðingu.

„Þegar ég fór að finna fyrir lúmskum einkennum blóðþrýstingsins hugsaði ég: „Æ, ég er bara farin að eldast“, rétt yfir 45 ára. Ég leiddi aldrei hugann að því að ég væri með of háan blóðþrýsting né hversu víðtækar skemmdir hann hefði á líffæri mín. Þetta ágerðist hratt og aðeins viku áður en ég veiktist fór ég í gönguferð með vinkonu sem undraðist mjög hversu fljótt ég varð móð og þurfti oft að stoppa á göngunni. Á meðgöngunni var ég ekki heldur að gera neitt átakamikið eða sérstakt þegar blóðþrýstingurinn fór upp úr öllu valdi og engin áreynsla í gangi önnur en að lifa lífinu með fjölskyldunni,“ segir Addý sem á fjögur börn á aldrinum sjö til fimmtán ára.

„Það er vissulega staðreynd að hefði ég verið í reglubundnu eftirliti eftir meðgönguna hefði verið hægt að koma í veg fyrir þessa þróun. Hjartalæknirinn segir vandamálið ná sjö ár aftur í tímann, eða síðan ég gekk með dóttur mína. Því er ekki nóg að útskrifa hvítvoðung frá sænginni ef mamman hefur átt við kvilla og gott heilræði út í lífið eftir meðgöngu og fæðingu að láta fylgjast með blóðþrýstingnum áfram og kaupa sér blóðþrýstingsmæli. Númer eitt er að mæla blóðþrýstinginn reglulega, heima, í apóteki eða heilsugæslunni og númer tvö að fara til læknis ef eitthvað amar að, alveg sama hvað það er,“ segir Addý.

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Go Red | **Veffang:** frettabladid.is






# Fyrir gott hjartalag

## **Hjartamagnýl®** – 75 mg sýruþolnar töflur

**Hjartamagnýl sýruþolnar töflur,** innihalda 75 mg af asetýlsalicýlsýru. Hjartamagnýl er tekið til að minnka hættuna á að blóðtappar myndist. Notkun þess er takmörkuð við annars stigs forvarnir með langvinnri meðferð við hjarta- og æðasjúkdómum. Notkun Hjartamagnýl er ekki ráðlögð við bráðaaðstæður. Töflunum skal kyngja heilum með ½ glasi af vatni. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 910161

# Meðgöngusagan mikilvæg

## Konur sem fá meðgöngusykursýki eða háþrýsting á meðgöngu eiga á hættu á að fá sykursýki eða hjarta- og æðasjúkdóma síðar á ævinni. Skoða þarf meðgöngusögu við sjúkdómsgreiningar.

Konur sem greinst hafa með meðgöngusykursýki eða háþrýsting á meðgöngu eru allt að þrisvar sinnum líklegri en aðrar konur til að fá sykursýki eða hjarta- og æðasjúkdóma síðar á lífsleiðinni og rannsóknir benda til að þær lifi skemur. Það er ljóst að þessir sjúkdómar hafa áhrif á heilsufar kvenna til lengri tíma litið og þær ættu því að láta fylgjast með sér með reglulegu millibili, alla ævi,“ segir Margrét Ólafía Tómasdóttir, heimilislæknir á Heilsugæslunni Efstaleiti, en hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna hérlendis.

Hún segir mikilvægt að læknar hafi í huga að spyrja konur út í meðgöngusögu þeirra og taki hana með inn í myndina við greiningu sjúkdóma en einkenni hjarta- og æðasjúkdóma geta verið ólík á milli kvenna og karla.

Meðgöngusykursýki uppgötvast á meðgöngu og hverfur yfirleitt við fæðingu. Rannsóknir frá árinu 2018 sýna að nær fimmta hver íslensk kona sem ber barn undir belti fær meðgöngusykursýki, eða 19 prósent. „Óléttar konur koma reglulega í mæðraeftirlit á heilsugæslunni þar sem fylgst er með almennu heilsufari þeirra. Undanfarin ár hafa fleiri konur en áður greinst með meðgöngusykursýki. Flestar konur ná að hafa stjórn á henni með því að passa vel upp á mataræðið og mæla blóðsykurinn nokkrum sinnum á dag. Þær sem eru með meiri einkenni eða



**Margrét Ólafía segir að háþrýstingur geti verið mjög lúmskur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þurfa frekari inngrip, t.d. insúlínmeðferð, fara í frekara eftirlit og skoðun á kvennadeild Landspítalans,“ segir Margrét.

Meðgöngusykursýki hefur áhrif á vaxtarhraða fóstursins. „Það hefur þau áhrif að börnin eru stærri við fæðingu og langtímaáhrifin geta verið að með tíð og tíma þrói þau sjálf með sér sykursýki,“ upplýsir Margrét.

Þegar hún er spurð hvers vegna meðgöngusykursýki sé að aukast segir Margrét að það spili inn í að konur eru eldri nú en áður þegar þær hefja barneignir og fleiri glíma við ofþyngd. „Einn af stóru þáttunum er að greiningarskilmerkin eru strangari en þau voru áður. Konur sem hafa ættarsögu um sykursýki 1 eða 2 eru í sérstökum áhættuhópi og fylgjast þarf sérstaklega með barnshafandi konum sem hafa áður eignast stór börn, sem eru yfir 4,5 kg. Þær gætu hafa verið með ógreinda meðgöngusykursýki.“

### Háþrýstingur og hjartasjúkdómar

Háþrýstingur á meðgöngu getur bent til að um undirliggjandi hjartasjúkdóma sé að ræða en er einnig eitt merki um meðgöngueitrun. „Segja má að meðganga sé próf fyrir líkamann og segi til um hvernig hann þolir mikið álag,“ segir Margrét og bætir við að háþrýstingur sé mun óalgengari en meðgöngusykursýki. Hann beri þó að taka mjög alvarlega og eftirfylgni eftir fæðingu sé nauðsynleg. „Konur sem hafa strítt við meðgöngusykursýki eða háþrýsting ættu að fara reglulega í eftirlit hjá sínum heimilislækni, strax fyrstu vikurnar eftir fæðingu og síðan reglulega í samráði við

> Hár blóðþrýstingur getur endurspeglað of mikið álag, streitu, ónógan svefn og fleira en hann getur líka verið merki um hjarta- eða æðasjúkdóma.

hann. Stundum nægir að koma í eftirlit á fjögurra til sex ára fresti en sumar konur þurfa að koma þéttar og þá er hægt að grípa strax inn í ef konur eru með einkenni um hjarta- og æðasjúkdóma,“ segir Margrét en háþrýstingur getur verið nokkuð lúmskur. „Stundum er hár blóðþrýstingur einkennalaus og þess vegna er hann oft mældur þegar fólk kemur til læknis. Þreyta, slappleiki eða þrálátur höfuðverkur getur þó verið merki um hann. Hár blóðþrýstingur getur endurspeglað of mikið álag, streitu, ónógan svefn og fleira en hann getur líka verið merki um hjarta- eða æðasjúkdóma.“

Spurð hvað konur geti gert sjálfar til að minnka líkur á að fá hjarta- og æðasjúkdóma segir Margrét að regluleg hreyfing og að halda sér í kjörþyngd vegi þar þungt. „Þessi sígildu ráð detta aldrei úr gildi. Hreyfa sig, passa upp á mataræðið og hafa það fjölbreytt, borða kolvetnaríkan mat í hófi og láta fylgjast vel með sér.“

# Bæta þarf eftirlit eftir meðgöngu

## Konur sem fá meðgöngusjúkdóma sem tengjast háþrýstingi eru mun líklegri til að fá aðra hjarta- og æðasjúkdóma síðar meir. Bæta þarf eftirlit með þessum áhættuþætti eftir meðgöngu.

GoRed átakið er alheimsátak á vegum World Heart Federation sem hófst árið 2004 og hefur verið haldið á Íslandi frá árinu 2009. Átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á þeim, en hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna um allan heim.

Nokkuð algengt er að konur fái háþrýsting á meðgöngu eða meðgöngueitrun.

„Ef kona greinist með háþrýsting á meðgöngu eða meðgöngueitrun er hún í aukinni áhættu á að fá aðra hjarta- og æðasjúkdóma síðar meir,“ segir Hilma Hólm, hjartasérfræðingur. „Þar á meðal háþrýsting, sykursýki, hjartabilun, heilablóðfall og kransæðastíflu og jafnframt er meiri hætta á að hún deyi úr hjartasjúkdómi.

Það er ekki ljóst hvort fylgnin á milli þessarra meðgöngusjúkdóma og seinni tíma hjarta- og æðasjúkdóma sé vegna þess að sömu þættir valdi báðum, eða hvort meðgönguháþrýstingur og meðgöngueitrun stuðli að myndun annarra hjarta- og æðasjúkdóma síðar meir,“ segir Hilma. „Þessari spurningu hefur ekki enn tekist að svara, en vitað er að þessir sjúkdómar deila mörgum áhættuþáttum, meðal annars sykursýki, fjölskyldusögu um hjarta- og æðasjúkdóma, háu kólesteróli, ofþyngd, reykingum og háþrýstingi. Það bendir líka ýmislegt til þess að háþrýstingur



**Hilma Hólm, hjartasérfræðingur, segir að ef kona greinist með háþrýsting á meðgöngu eða meðgöngueitrun sé hún í aukinni áhættu á að fá aðra hjarta- og æðasjúkdóma síðar meir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

á meðgöngu sé sami sjúkdómur og háþrýstingur almennt, en að hann sýni sig stundum fyrst á meðgöngu sem er mikið álag á líkama konunnar,“ segir Hilma.

„Rannsóknir sýna að meðgönguháþrýstingur og meðgöngueitrun tengjast sexföldum líkum á háþrýstingi síðar meir, fjórföldum líkum á hjartabilun og tvöfaldi hættuna á kransæðastíflum og heilablóðfalli,“ segir Hilma.

„Við heilbrigðisstarfsfólk erum því miður ekki nógu vakandi fyrir þessum áhættuþætti fyrir hjarta- og æðasjúkdómum og þurfum að gefa meðgöngusögunni betur gaum þegar konur leita til okkar í áhættumat,“ segir Hilma. „Einnig þarf að bæta eftirlit eftir meðgöngu til að fylgjast með áhættuþáttum hjá þessum konum. Þetta er nefnilega kjörið tækifæri til að grípa snemma inn í ferlið hjá konum í áhættuhópi og veita þeim ráðgjöf.

Um er að ræða ráðgjöf varðandi áhættuþættina sem allir þekkja, þar með talið mataræði, reykingar, ofþyngd, háþrýsting, svefn og streitu, en viðeigandi lífsstílsbreytingar geta minnkað líkurnar á flestum hjarta- og æðasjúkdómum,“ segir Hilma. „Á sama tíma gæfist tækifæri til að hefja meðferð eftir þörfum.“

> **Það bendir líka ýmislegt til þess að háþrýstingur á meðgöngu sé sami sjúkdómur og háþrýstingur almennt, en að hann sýni sig stundum fyrst á meðgöngu sem er mikið álag á líkama konunnar.**

# Meðgöngusykursýki getur haft alvarlegar afleiðingar

Sykursýki er vaxandi sjúkdómur í heiminum og hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) lýst yfir heimsfaraldri. Sykursýki er samheiti yfir sjúkdóma þar sem blóðsykur hækkar ef ekki er brugðist við.



Mat á fæðuvenjum á fyrsta þriðjungi meðgöngu gefur upplýsingar sem hægt er að nýta til íhlutunar og stuðnings á meðgöngu samkvæmt nýrri íslenskri rannsókn. Slæmar fæðuvenjur og skortur á hreyfingu getur haft alvarlegar afleiðingar. Fæðuvenjur hafa mikið að segja á meðgöngu. MYND/GETTYIMAGES

Um er að ræða innkirtlasjúkdóm sem orsakast af skorti á insúlíni í líkamanum eða að líkaminn getur ekki nýtt sér insúlín sem skyldi. Insúlín er hormón sem er framleitt í brisinu og er losað út í blóðrásina þegar blóðsykur hækkar. Gróflega má skipta sykursýki í sjálfsofnæmissjúkdóma og efnaskiptasjúkdóma. Sykursýki týpa 1 er sjálfsofnæmissjúkdómur sem er ótengdur lífsstíl og greinist oftar en ekki hjá börnum en týpa 2 og meðgöngusykursýki er aftur á móti dæmi um sjúkdóma sem flokkast sem efnaskiptasjúkdómar og eru oft tengdir lífsstíl. Lífsstílssjúkdómar eru eitt aðalviðfangsefni heilbrigðisþjónustu samtímans en hugtakið á við sjúkdóma sem koma fram í kjölfar lífsstíls sem hægt er að hafa áhrif á t.d. með mataræði og hreyfingu.

### Algengur sjúkdómur

Meðgöngusykursýki er sjúkdómur sem er skilgreindur sem hvers konar sykuróþol sem gerir fyrst vart við sig á meðgöngu. Meðgöngusykursýki er einn algengasti sjúkdómur sem greinist hjá barnshafandi konum í dag og hefur tíðni sjúkdómsins aukist gríðarlega á síðasta áratug. Hér á landi fengu 613 konur sem voru í meðgönguvernd á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins árið 2018 greininguna meðgöngusykursýki eða um 16% barnshafandi kvenna. Til samanburðar voru um 6% kvenna sem fæddu á Landspítala árið 2009 með meðgöngusykursýki. Helsta skýringin á vaxandi tíðni sjúkdómsins er aukin ofþyngd, breytt mataræði og minni hreyfing. Má þar nefna einhæft fæðuval og aukna neyslu á skyndiorku svo sem gosi, sælgæti, kexi og snakki. Aukin kyrrseta er stór áhættuþáttur fyrir meðgöngusykursýki en aðrir áhættuþættir eru hár aldur móður, fyrri saga um meðgöngusykursýki, ættarsaga í fyrsta ættlið og ákveðnir kynþættir.

### Þarf að fylgjast vel með

Skimað er fyrir meðgöngusykursýki hér á landi út frá áhættuþáttum. Fastandi blóðsykur er mældur snemma á meðgöngu eða gert sykurþolpróf þegar líða fer á meðgönguna þar sem kona drekkur sykurlausn og blóðsykur er mældur á þremur tímapunktum. Þegar greining liggur fyrir mælir kona blóðsykurgildi með heimamælingum til að leggja mat á þörf fyrir meðferð. Fyrsta meðferð er aukin hreyfing og breyting á mataræði. Mikilvægt er að veita næringarráðgjöf og aðstoða við að gera áætlun sem nær til hreyfingar við hæfi konunnar. Dugi það ekki er lyfjameðferð ráðlögð. Mikilvægt er að fylgjast með blóðsykurstjórnun og bregðast við blóðsykurgildum sem eru yfir viðmiðunarmörkum í þeirri viðleitni að fá betri útkomu fyrir móður og barn. Minni líkur eru á að kona fái háþrýsting á meðgöngu ef blóðsykurstjórnun er góð en hár blóðþrýstingur hefur áhrif á heilsu verðandi móður til lengri tíma og velferð ófædds barns. Góð blóðsykurstjórnun dregur einnig úr líkum á meðgöngueitrun en þekkt tengsl eru á milli meðgöngusykursýki og meðgöngueitrunar.

Konur sem þróa með sér meðgöngusykursýki eru líklegar til að fá meðgöngusykursýki aftur á síðari meðgöngum og eru í margfalt meiri áhættu að greinast með týpu 2 sykursýki síðar á ævinni. Tengsl meðgöngusykursýki við hjartasjúkdóma og/eða háþrýsting síðar á ævinni hafa verið að koma betur í ljós á undanförnum árum. Fyrstu ár eftir meðgöngu eru konur sem hafa verið greindar með meðgöngusykursýki í tvöfaldri áhættu á að fá hjartasjúkdóm og háþrýsting borið saman við konur sem hafa ekki fengið meðgöngusykursýki. Börn mæðra sem fá meðgöngusykursýki eru líklegri til að greinast með sykursýki síðar á ævinni sérstaklega ef blóðsykurstjórnun móður hefur ekki verið nógu góð á meðgöngu.



Ingibjörg Hreiðarsdóttir Thomsen, yfirljósmóðir á LSH.

> Forvarnir varðandi mataræði og hreyfingu er mikilvægt lýðheilsumál í íslensku samfélagi. Vaxandi tíðni meðgöngusykursýki þarf að taka alvarlega.

### Góð næring nauðsynleg

Mat á fæðuvenjum á fyrsta þriðjungi meðgöngu gefur upplýsingar sem hægt er að nýta til íhlutunar og stuðnings á meðgöngu samkvæmt nýrri íslenskri rannsókn. Slæmar fæðuvenjur og skortur á hreyfingu geta haft alvarlegar afleiðingar. Sýnt hefur verið fram á að bein tengsl eru á milli drykkju sætra gosdrykkja (5x á viku eða oftar) við meðgöngusykursýki. Vísbendingar eru um að persónulegur stuðningur í formi næringarráðgjafar í gegnum veraldarvefinn getur minnkað gosneyslu verulega.

Offita er vaxandi vandamál og getur haft í för með sér alvarlega fylgikvilla. Það hefur þó komið í ljós að konur í yfirþyngd sem borða hollt og fjölbreytt fæði eru ekki endilega í meiri hættu að fá meðgöngusykursýki en kona í kjörþyngd. Fæðuvenjur hafa því meira að segja en holdafar varðandi líkur á að fá meðgöngusykursýki. Óhollar fæðuvenjur, gosdrykkir og matur sem er með mikinn viðbættan sykur er líklegri tenging við meðgöngusykursýki en holdafar eitt og sér. Nýlegar rannsóknir sýna að skortur á D vítamíni er tengt við hækkaðan blóðsykur.

### Hreyfing er lykilatriði

Hreyfing er einnig lykilatriði. Þverfaglegur hópur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins bauð konum með meðgöngusykursýki á ákveðnu tímabili árin 2016-2017 upp á íhlutun í formi hreyfiseðils. Þeirra niðurstaða var að stuðningurinn jók marktækt virkni kvennanna. Eftir fæðingu getur brjóstagjöf haft möguleg áhrif til lækkunar á insúlíni og dregur þá úr fitusöfnum eftir fæðingu. Leiðbeiningar um eftirfylgni eftir fæðingu eru til en þrátt fyrir það virðist sem aðeins lítill hluti kvenna fái eftirfylgni í formi árlegrar blóðsykurmælingar.

Íslenskt heilbrigðiskerfi býr yfir tækifærum til að hlúa vel að verðandi fjölskyldum framtíðarinnar. Góð þekking, fagfólk og verkfæri eru til staðar til að byggja grunn að framtíð unga fólksins okkar. Ef verðandi foreldrar eru vel upplýstir og fá stuðning fylgja þeir frekar ráðleggingum og ná góðum tökum á lífsstíl sínum og geta þannig átt góða upplifun af meðgöngunni. Mikilvægt er að afla upplýsinga um næringarinntekt og auka íhlutun í formi næringarráðgjafar.

### Forvarnir er lýðheilsumál

Forvarnir varðandi mataræði og hreyfingu er mikilvægt lýðheilsumál í íslensku samfélagi. Vaxandi tíðni meðgöngusykursýki þarf að taka alvarlega. Fyrir utan mikið auknar líkur á sykursýki týpu 2 síðar á ævinni þá getur afleiðing sjúkdómsins á hjarta og æðakerfi gert vart við sig í allt að 25 ár frá meðgöngu. Mikilvægt er að fylgjast með blóðsykurgildum, fá blóðþrýstingseftirlit og eftirlit og skoðun á hjarta og æðakerfi. Umræða og íhlutunar er þörf fyrir yngstu kynslóðir landsins til fyrirbyggingar til framtíðar.

# Styttir meðgöngueitrun ævi kvenna?

## Meðgöngueitrun einkennist af háþrýstingi og truflun á starfsemi ýmissa líffæra á meðgöngu. Sjúkdómsástandið birtist á seinni helmingi meðgöngu hjá um þremur til fimm prósent kvenna.

Ástæða þess að þetta gerist hjá þremur til fimm prósent kvenna skýrist sennilega af ýmsum efnum sem losna út í blóðrás móðurinnar frá fylgjunni.

